

Ársskýrsla Judofélags Reykjavíkur 2025



Skýrsla stjórnar Judofélags Reykjavíkur fyrir árið 2025

1. Inngangur

Árið 2025 var afar viðburðaríkt hjá Judofélagi Reykjavíkur (JR). Starfsemin var öflug á öllum sviðum – í barna- og unglिंगastarfi, almennum æfingum, meistaraflokki og keppnisstarfi innanlands sem utan. Þátttaka jókst í flestum aldursflokkum, fjöldi móta var meiri en undanfarin ár og árangur keppenda var einstaklega góður, bæði á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

Stjórnin vill þakka þjálfurum, iðkendum, foreldrum og sjálfboðaliðum fyrir framlag sitt á árinu. Án þeirra væri ekki hægt að halda úti jafn öflugu starfi og raun ber vitni.

2. Æfingar og almenn starfsemi

Æfingar voru vel sóttar allt árið og fjölbreytt námskeið í boði fyrir alla aldurshópa:

- **5–6 ára, 7–10 ára og 11–14 ára** – reglulegar æfingar og fjölmörg innanfélagsmót.
- **15 ára og eldri / meistaraflokkur** – æfingar alla virka daga og aukin áhersla á undirbúning fyrir alþjóðleg mót.
- **Gólfglíma 30+ og kvennaæfingar** – áframhaldandi vöxtur og góð mæting.
- **Prufutímar og byrjendanámskeið** – mikil aðsókn og fjölgun nýrra iðkenda.

Á vor og haustönn var haldin sameiginleg lokæfing yngri flokka með viðurkenningum og skemmtidagskrá. Meistaraflokkur og 30+ héldu úti æfingum langt fram á sumarið og hluti keppenda meistaraflokks æfði erlendis yfir sumarmánuðina.

3. Innanlandskeppni

JR stóð fyrir eða tók þátt í fjölmörgum mótum á árinu. Þátttaka jókst í öllum aldursflokkum og árangur var frábær.

Helstu mót og árangur JR:

Reykjavík Judo Open 2025

- 16 keppendur frá JR.
- **1 gull, 2 silfur og 8 brons.**
- Mótið fjölmennt og sterkt, þátttakendur frá 10 þjóðum.

Afmælimót JSÍ – U13/U15 og U18/U21

JR með 10 keppendur í yngri flokkum: **9 gull og 1 silfur.**

Vormót JSÍ – yngri og eldri

- JR með 21 keppanda í yngri flokkum: **18 gull, 7 silfur og 3 brons.**
- Í senioraflokkum unnu JR-ingar **öll gullverðlaun í karlaflokki** og eitt í kvennaflokki.

Íslandsmeistaramót yngri 2025

- JR með 33 keppendur.
- **20 gull, 8 silfur og 3 brons** – einn besti árangur félagsins frá upphafi.

Íslandsmeistaramót karla og kvenna 2025

- JR með 25 keppendur.
- **7 gull, 7 silfur og 5 brons.**

Haustmót JSÍ – U13/U15/U21 og U18/seniorar

- JR með 17 keppendur í fyrri hluta, U13/15 og U21: **9 gull, 7 silfur og 1 brons.**
- Í seinni hluta U18 og seniorar JR-ingar unnu **öll 12 gullverðlaunin** auk 5 silfur og 5 brons.

Sveitakeppnin 2025

- **JR vinnur í 24** skiptið í sveitakeppni karla og tólfta árið í röð.
- **JR með gull** í U15 dregir og stúlkur
- **JR með gull** í karlar U21.

4. Erlend keppni og æfingabúðir

Árið einkenndist af mikilli alþjóðlegri þátttöku. Keppendur JR tóku þátt í fjölda móta og æfingabúða víða um Evrópu.

Helstu verkefni:

Pólland – International Judo Tournament for Children and Youth

- 8 keppendur frá JR.
- Sterkt mót með ~1300 keppendum.
- Eftir mót fóru keppendur í æfingabúðir og heimsóttu nokkra klúbba.

OTC Mittersill (Austurríki) og OTC Nymburk (Tékkland)

- Aðalsteinn Björnsson og Skarphéðinn Hjaltason tóku þátt.
- Með sterkustu æfingabúðum heims.

Matsumae Cup – Danmörk

- **Silfur: Viktor Kristmundsson (U18 +90 kg)**
- **Brons: Aðalsteinn Björnsson (U21 -90 kg)**

Copenhagen Open 2025

- 21 keppandi frá JR.
- **2 silfur og 5 brons.**
- Besti árangur JR á þessu móti til þessa.

Norðurlandameistaramót 2025

- **Gull: Eyja Viborg (U18 -52 kg)**
- **Gull: Viktor Kristmundsson (U18 +90 kg)**
- **Gull: Zaza Simonishvili (Veterans -73 kg)**
- **Brons: Helena Bjarnadóttir og Kjartan Hreiðarsson**

Smáþjóðaleikarnir 2025 – Andorra

- **Gull: Aðalsteinn Björnsson (-90 kg)** – yngsti Íslendingur til að vinna gull í judo á Smáþjóðaleikum.
- **Brons: Helena Bjarnadóttir (-63 kg)**
- **Brons í liðakeppni kvenna**

EYOF 2025 – Makedónía

- Eyja Viborg komst lengst og vann fyrstu viðureign íslenskrar stúlku á EYOF.

International Children's Games – Tallinn

- **Silfur: Jóhann Jónsson (-81 kg)**

EM Cadett og EM Juniora

- Helena Bjarnadóttir keppti á EM Cadett.
- Aðalsteinn Björnsson keppti á EM Juniora.

Baltic Sea Championship

- **Silfur: Mikael Ísaksson (U21 -90 kg).**

5. Dan gráðun

Á árinu náðu þrír ungir JR-ingar stórum áfanga:

- **Gunnar Ingi Tryggvason – 1. dan**
- **Jónas Björn Guðmundsson – 1. dan**
- **Orri Snær Helgason – 1. dan**

6. Judomenn JR og sjálfboðaliði

- **Aðalsteinn Björnsson judomaður ársins**
- **Mikael Ísaksson judomaður ársins í U21 árs aldursflokki**

- **Helena Bjarnadóttir efnilegust 2025**
- **Hilmar Þór Arnarson var kjörinn sjálfboðaliði ársins**

7. Judomenn ársins hjá JSÍ

- **Aðalsteinn Björnsson judomaður ársins**
- **Helena Bjarnadóttir judokona ársins**
- **Emma Thueringer og Viktor Kristmundsson voru valin efnilegust 2025**

8. Aðalfundur og stjórnarstörf

Aðalfundur JR var haldinn 24. júní 2025.

- Reikningar og starfsskýrsla samþykkt samhljóða.
- Jón Hlíðar Guðjónsson endurkjörinn formaður.
- Í stjórn sitja: Daníela Rut Daniélsdóttir, Eyjólfur Orri Sverrisson, Magnús Jóhannsson og Alfreð Atlason.
- Í varastjórn: Ari Sigfússon og Jóhann Másson.
- Höskuldur Einarsson lét af störfum eftir yfir 20 ára stjórnarsetu og þakkar félagið honum kærlega fyrir framlag sitt.

9. Afmæli félagsins

Judofélag Reykjavíkur varð **60 ára þann 16. október 2025**. Í tilefni dagsins afhenti Gísli Egilson, formaður JSÍ, félaginu áletraðan disk.

10. Samantekt og framtíðarsýn

Árið 2025 var eitt af öflugri árum JR á síðustu árum. Félagið:

- jók þátttöku í öllum aldursflokkum,
- hélt fjölmörg mót og viðburði,
- náði frábærum árangri á innlendum mótum,
- og skilaði góðum árangri á alþjóðavettvangi.

Stjórnin mun áfram leggja áherslu á:

- eflingu barna- og unglingsstarfs,
- faglegan þjálfun,
- öflugt afreksstarf,
- og áframhaldandi uppbyggingu félagsins í tilefni 60 ára afmælis þess og þarf félagið nauðsynlega að komast í stærra húsnæði.

Við þökkum öllum sem lögðu sitt af mörkum á árinu og hlökkum til áframhaldandi góðs samstarfs á komandi ári.

Helstu viðburðir 2025 - tekið af heimasíðu JR

01/01/2025

Ný námskeið- skráning á judo.is



Æfingar hefjast á ný 6. janúar 2025.

Byrjenda og framhaldsnámskeið **5-6 ára** barna á laugardögum kl. 10

Byrjenda og framhaldsnámskeið **7-10 ára** barna á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17

Byrjenda og framhaldsnámskeið **11-14 ára** barna mánudaga, miðvikudaga, föstudaga kl. 17

Byrjendanámskeið **15 ára og eldri** mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 20

Gólfglíma, byrjendur/framhald **30 ára og eldri** þriðjudaga, fimmtudaga kl. 17 og laugardaga kl. 11.

Meistaraflokkur og framhald 15 ára og eldri alla daga vikunnar kl. 18, sjá nánar stundatöflu.

Kvennatími byrjendur og framhald **15 ára og eldri** mánudaga og miðvikudaga kl. 17

Byrjendur fá fría prufutíma, komdu og prófaðu í viku, það er frítt. Ekki þarf að skrá sig í prufutíma, bara mæta á staðinn í réttan tíma og láta vita af sér, en það væri samt gott að fá tilkynningu um það á netfangið jr@judo.is. Nóg er að mæta með síðar íþróttabuxur og bol. Judobúningar fást hjá JR.

Ef ákveðið er að halda áfram að loknum prufutíma þá er hér gengið frá skráningu og námskeiðsgjaldi. Ef frekari upplýsinga er óskað er hægt að hafa samband í síma 588-3200 eða senda tölvupóst á netfangið jr@judo.is

09/01/2025

Keppnis og æfingaferð til Póllands



Hópur keppenda úr JR lagði af stað til Póllands í gær og munu keppa næsta laugardag í aldursflokkum U11/U13/U18 á International Judo Tournament For Children and the Youth í Bielsko-Biala. Þetta mót er fjölmennt og sterkt og keppt á tólf völlum og keppendur tæplega þrettán hundruð frá tíu þjóðum. Eftir mót taka þau þátt í æfingabúðum og munu einnig heimsækja nokkra klúbba og taka æfingu með þeim. Þetta er í þriðja skiptið sem JR tekur þátt í þessu móti og hefur Janusz Komendera haft veg og vanda af því. Þátttakendur í ár eru, Daníel Hákonarson, Jónas Guðmundsson, Orri Helgason, Sigurður Sigurgeirsson, Viktor Kristmundsson, Weronika Komendera, María Guðmundsdóttir og Adam Komendera. Þjálfarar og fararstjórar eru Janusz Komendera, Helgi Einarsson, Gabriela Hobrzyk og Halldóra Halldórsdóttir og einnig er Snjólaug Helgadóttir með í för. Á meðfylgjandi myndum vantar Janusz og Adam þar sem þeir fóru út nokkrum dögum fyrr.





10/01/2025

Skarphéðinn Hjaltason íþróttakarli Mosfellsbæjar 2024



Skarphéðinn hóf að æfa judo hjá Judoófélagi Reykjavíkur ellefu ára gamall og er nú, níu árum síðar, orðinn einn besti og öflugasti judomaður landsins. Hann náði mjög góðum árangri á árinu, varð Íslandsmeistari bæði í -90 kg flokki karla og opnum flokki karla.

Skarphéðinn fékk silfurverðlaun á Norðurlandameistaramótinu í Svíþjóð, bæði í karlaflokki og í U-21 árs flokki karla, og á alþjóðlegu móti í Danmörku, Copenhagen Open, vann hann einnig til silfurverðlauna.

Judosamband Íslands valdi Skarphéðinn judomann ársins 2024 og var hann einnig kjörinn judomaður JR 2024. Skarphéðinn er þekktur fyrir mikla vinnusemi og metnað, sem hefur skilað sér í stöðugum framförum og árangri á bæði innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

10/01/2025

OTC Mittersill 2025



Í vikunni fóru til Austurríkis ásamt Zaza Simonishvili landsliðsþjálfara þeir Aðalsteinn Björnsson, og Skarphéðinn Hjaltason og taka þeir þar þátt í árlegum **OTC æfingabúðum í Mittersill**. OTC Mittersill eru líkast til sterkustu æfingabúðir sem haldnar eru ár hvert í heiminum en þær sækja alla jafnan bestu judomenn og konur heims. Þetta ætti að vera góður undirbúningur strákanna fyrir verkefni vetrarins en næsta mót er **Reykjavík Judo Open (RIG)** sem haldið verður í Laugardalshöllinni 25. janúar. Hér má finna myndir frá OTC Mittersill.



23/01/2025

Reykjavík Judo Open 2025



REYKJAVÍK JUDO OPEN
25. Janúar 2025

Forkeppni
12:00-14:30

Brons og úrslitaviðureignir
14:30-15:00

Opinn flokkur 15:30-17:00

Judo í Laugardalshöllinni laugardaginn 25. jan. frá 12-17



27/01/2025

Úrslit Reykjavík Judo Open 2025



Reykjavík Judo Open 2025

Judosamband Íslands

Hluti keppenda JR að loknu mótí

Reykjavík Judo Open 2025 var haldið 25. janúar 2025 og var það í þrettánda sinn sem JSÍ stendur fyrir því. Þátttakendur voru fimmtíu og sjö frá tíu þjóðum. Danir voru sigurvegarar mótsins með þrenn gullverðlaun, fjögur silfur og tvönn bronsverðlaun. Þar á eftir komu Bretar síðan Norðmenn og keppendur Íslendinga í fjórða sæti með eitt gull, þrjú silfur og átta bronsverðlaun. JR ingar sem voru fjölmennir á mótinu með sextán keppendur unnu ein gullverðlaun, tvönn silfurverðlaun og átta bronsverðlaun og Judofélag Suðurlands vann til silfurverðlauna í -100 kg flokki.



Konur -57 kg



Konur -70 kg



Karlar -60 kg



Karlar -73 kg



Karlar -90 kg




Karlar -100 kg



Konur Opinn flokkur







03/02/2025

Afmælistmót JSÍ 2025 hjá U13 og U15 ára



Afmælistmóti JSÍ í yngri flokkum sem átti að farar fram 1. febrúar og var frestað vegna veðurs verður haldið laugardaginn 8. febrúar en aðeins í aldursflokkum U13 og U15. Keppni í aldursflokkum U18 og U21 verður síðar en dagsetning hefur ekki verið ákveðin.

Afmælistmót JSÍ 2025 í U13 (11-12 ára) U15 (13-14 ára) verður haldið laugardaginn 8. febrúar hjá Judofélagi Reykjavíkur og hefst það kl. 13 og mótslok áætluð um kl. 15. Vigtun fer fram á keppnisdegi á keppnisstað frá 11:30 -12:00 og má keppandi í þessum aldursflokkum vera mest 1. kg yfir þyngdarflokk sínum.

12/02/2025

Afmælistmót JSÍ 2025 – U13/U15 – Úrslit



Afmælimót JSÍ 2025 í aldursflokkum U13 og U15 var haldið í æfingasal Judofélags Reykjavíkur laugardaginn 8. febrúar. Upphaflega átti að keppa 1. febrúar og þá einnig í U18 og U21 árs aldursflokkum en keppni var frestað vegna veðurs og keppni í U18 og U21 var frestað lengur þar sem of stutt er í Matsumae Cup og fjölmargir frá Íslandi verða þar á meðal þátttakenda. Keppendur í U13/U15 voru fjórtíu og tveir frá átta klúbbum. JR var með tíu keppendur og unnu þeir níu gullverðlaun og ein silfurverðlaun. Mótið var skemmtilegt og passlega langt en það hófst kl. 13 og lauk kl 15. Fullt var af flottum viðureignum sem enduðu margar hverjar á glæsilegum ippon köstum. Gaman var að sjá hve margir nýjir keppendur voru á meðal þátttakenda og hve vel þeir stóðu sig. Mótsstjórn og tímavarsla var í höndum Ara Sigfússonar og Jóhanns Mássonar og um dómgæslu sáu þeir Björn Sigurðarson, Gunnar Jóhannesson, Breki Bernharðsson, Ármann Þór Sveinsson, Kolmar Jónsson og Jónas Björn Guðmundsson.







15/02/2025

Matsumae Cup 2025



Keppa á Matsumae Cup um helgina. Matsumae Cup er haldið í Vejle í Danmörku 15. og 16 feb. og eru 19 keppendur frá Íslandi á meðal þátttakenda. Hér eru keppendurnir ásamt þjálfurum og aðstoðarmönnum nýlentir á Kastrup flugvelli. Á myndina hér ofar vantar fjóra sem bættust við hópinn síðar.

19/02/2025

Silfur og brons á Matsumae Cup 2025




Þeir Viktor Kristmundsson og Aðalsteinn Björnsson unnu til verðlauna á alþjóðlegu móti í Danmörku, Matsumae Cup sem haldið var dagana 15. og 16. febrúar. Mótið vel sótt en rúmlega 600 keppendur frá tæplega 20 þjóðum sóttu mótið. Viktor vann silfur í U18 aldursflokki +90 kg og Aðalsteinn brons í U21 árs aldursflokki -90 kg og voru það einu verðlaun Íslendinga að þessu sinni. Það voru nítján þátttakendur frá Íslandi frá fjórum klúbbum en auk keppenda frá JR voru keppendur frá Ármanni, JS og UMFS. Keppendur okkar stóðu sig býsna vel og unnu allir viðureignir og sumir fleiri en eina og fleiri en tvær. Auk Aðalsteins kepptu um bronsverðlaun þau Helena Bjarnadóttir í U18-63 og Jónas Guðmundsson U18 -73 en töpuðu sinni viðureign og enduðu því í fimmta sæti. Arnar Arnarson (JS) U21-100 kg var hársbreidd frá bronsverðlaunum en hann var með jafnmarga vinninga og jafn mörg tæknstig og sá sem hreppti bronsið en það var innbyrðisviðureign þeirra sem réði úrslitum og endaði Arnar því í fjórða sæti. Elías Funi Þormóðsson og Gunnar Ingi Tryggvason urðu í sjöunda sæti í U18 -73 kg sem og þær Eyja Viborg (Ármanni) U18 -57, Weronika Komendera U18 -63 og Helena Bjarnadóttir U21 -63 kg. Ísland tók þátt í liðakeppninni sem haldin var seinni keppnisdaginn og voru sex manns í hverju liði, þrjár konur og þrír karlar og var lið Íslands skipað keppendum úr öllum fjórum klúbbunum. Ísland var í **riðli** með Danmörku og Japan og í hinum riðlinum var lið Póllands, Hollands og Írlands. Lið Japans sigraði að lokum, Danmörk varð í öðru sæti og Holland í því þriðja. Að loknu móti tóku við tveggja daga æfingabúðir í Vejle ásamt flestum keppendum mótsins. Æft var í tvo tíma tvisvar á dag og voru þessar æfingabúðir virkilega góðar.



Viktor með silfur í U18 +90 kg



Aðalsteinn með brons í U21 -90 kg





F.v. Soren Studsgaard formaður DJU og fyrrum formaður Martin Kirkhammer









24/02/2025

Úrslit 16. Góumóts JR 2025



Góumót JR 2025 sem er opið öllum klúbbum var haldið laugardaginn 22. febrúar sl. Mótið var fyrst haldið árið 2009 svo þetta var það sextánda en það féll niður 2019 vegna covid. Góumótið er æfingamót þar sem allir þátttakendur fá verðlaun en það er ætlað yngstu iðkendunum frá 5 ára aldri til 10 ára sem eru að stíga sín fyrstu skref í íþróttinni. Zaza, Guðmundur Björn og Gunnar Tryggvason heldu utan um JR keppendurna og fengum nokkra reynda keppendur úr aldurshópi 11-14 ára sér til aðstoðar og stóðu þessir aðstoðarþjálfarar, þau Freyja, Gústav, María, Snjólaug og Styrmir, sig alveg frábærlega. Um dómgæsluna sáu nokkrir af okkar bestu keppendum JR og leystu þau verkið vel af hendi en það voru þau Weronika Komendera, Kolmar Jónsson, Mikael Ísaksson og Viktor Kristmundsson og mótsstjórn var á höndum Ara Sigfússonar og Þorgríms Hallsteinssonar. Mótið var frábær skemmtun og börnin sýndu oft á tíðum ótrúlega flott judo og glæsileg köst.



Keppni barna 5-6 ára sem er innanfélagsmót, fór fram á æfingatíma fyrir um morguninn.



Keppni barna 7-10 ára var frá kl. 14-16 og voru þátttakendur 43 frá þremur klúbbum að þessu sinni, Judodeild UMFS, Judodeild Suðurnesja og Judofélagi Reykjavíkur. Flestir þátttakendanna voru að taka þátt í sínu fyrsta mót og stóðu þeir sig mjög vel sem og aðrir keppendur og höfðu þjálfarar þeirra í nógu að snúast við að undirbúa þá og hafa tilbúna. Börnunum er raðað saman eftir aldri og þyngd eins og venja er og keppa stúlkur og drengir stundum saman í flokkum ef þannig stendur á og einnig þarf stundum að færa keppendur á milli aldursflokka til að þyngd keppenda sé sem jöfnust.



U11-55



U11-30



U10-42



U10-30



U9-30




U9-22



U8-36



U8-20



25/02/2025

Afmælimót JSÍ 2025 – U18 og U21



03/03/2025

Afmælimót JSÍ 2025 – U18/U21 – Úrslit



Afmælimót JSÍ 2025 í aldursflokkum U18 og U21 árs var haldið í æfingasal Judofélags Reykjavíkur laugardaginn 1. mars. Mótið átti upphaflega að haldast 1. febrúar og þá einnig ásamt keppni í U13 og U15 en var frestað vegna veðurs. Keppni U13/U15 fór fram 8. febrúar en U18/21 var hinsvegar frestað lengur vegna Matsumae Cup en fjölmennur hópur frá Íslandi var á leið þangað. Það voru um fjörtíu keppendur skráðir til leiks en vegna veikinda og meiðsla var töluvert um afskráningar og urðu keppendur að lokum tuttugu og átta frá sex klúbbum. Samanlagður keppendafjöldi U13/15 og U18/21 í ár er sjöttíu en voru fimmtíu og tveir 2024 sem er mjög jákvæð þróun. Mótið gekk vel fyrir sig að mestu, fullt af flottum viðureignum sem enduðu oft á glæsilegum ippon köstum sem sjá má í meðfylgjandi videoklippu. Mótsstjórn og tímavarsla var í höndum Jóhanns Mássonar, Ara Sigfússonar og Kjartans Magnússonar og um dómgæslu sáu þeir Sævar Sigursteinsson, Logi Haraldsson og Ármann Sveinsson.



U18 -70



U18 -66



U18-73



U18-81



U21 -70




U21 -66



U21 -73



U21 -81



U21 -90





10/03/2025

Taka þátt í OTC æfingabúðunum í Nymburk



Þeir Aðalsteinn Björnsson og Skarphéðinn Hjaltason héldu til Tékklands í gær ásamt Zaza Simonishvili landsliðsþjálfara og munu þar taka þátt í **Nymburk OTC** æfingabúðunum sem haldnar er þar og standa yfir frá 10. til 17 mars. Æfingabúðir þessar eru haldnar árlega og eru liður í röð æfingabúða í Evrópu sem nefnast Olympic Training Centre (OTC) og eru haldnar af Evrópska Judosambandinu (EJU) í samvinnu viðkomandi landssamband. Þátttakendur koma allsstaðar að úr heiminum og skipta hundruðum. Okkar menn verða í fimm daga og eru væntanlegir aftur heim 14. mars.



18/03/2025

Vormót JSÍ á Akureyri



Vormót JSÍ 2025 í öllum aldursflokkum, U13/U15/U18/U21 og flokki seniora, verður haldið á Akureyri 22. mars í KA heimilinu. Mótið hefst kl. 10 og lýkur væntanlega um kl. 16. Vigtun verður í KA heimilinu föstudagskvöldið 21. mars frá kl. 19-21:00 og einnig að morgni mótisdags frá 9-9:30. Farið verður með rútu frá JR föstudaginn 21. mars um kl. 14 og komið til baka daginn eftir um kl. 21. Kostnaður, rúta og gisting (**hótel/uppábúin rúm með morgunmat**) um 15.000 kr. sem JR leggur út fyrir og rukkar svo þátttakendur að loknu móti en þátttakendur þurfa þó að hafa með sér pening fyrir mat og drykkjum sem hver og einn ákveður sjálfur. Með hópnum fara þeir þjálfarar frá JR. Myndin hér ofar er frá móti 2024.

19/03/2025

Vormót JSÍ – U21 árs og Seniorar frestað

Vegna mikillar þátttöku verður ekki hægt að halda mótið á þeim tíma sem gert var ráð fyrir og hefur JSÍ ákveðið að skipta móti 2025 upp þannig að keppni verður í U13, U15 og U18 á laugardaginn í KA heimilinu á Akureyri en keppni í U21 og senioraflokkum hefur verið frestað og nýr dagur fyrir það ákveðin síðar.



24/03/2025

JR með 18 gull á Vormóti JSÍ yngri 2025



Vormót JSÍ í yngri aldursflokkum (U13, U15, U18, U21 árs) fór fram laugardaginn 22. mars á Akureyri í umsjón Judodeildar KA og voru það þeir Hans Rúnar Snorrason, Hermann Torfi Björgólfsson og Sigmundur Magnússon sem höfðu veg og vanda af því. Upphaflega átti einnig að keppa í senioraflokkum og á einum keppnisvelli eins og undanfarin ár en vegna óvenju mikillar þátttöku var það ekki hægt vegna tímaramma í íþróttahúsinu. Keppni í senioraflokki var því frestað til 5. apríl og bætt var við öðrum keppnisvelli til þess að tímaáætlun stæðist sem og gerðist og var mótið hið skemmtilegasta og gekk vel fyrir sig. Dómarar voru þeir Björn Sigurðarson, Breki Bernhardsson, Gísli Egilson, Gunnar Jóhannesson, Sævar Sigursteinsson og Yoshihiko Iura. Til Akureyrar var farið í tveimur rútum og voru keppendur frá JR tuttugu og einn og kepptu nokkrir þeirra í tveimur aldursflokkum. Með þeim voru þjálfarar JR þeir Guðmundur Björn Jónasson, Zaza Simonishvili og Bjarni Friðriksson og auk þeirra nokkrir foreldrar keppenda sem sáu um aksturinn og fararstjórn þeir Alfreð Atlason, Helgi Einarsson, Hilmar Arnarson og Pétur Kjærnested. JR-ingar áttu frábæran dag og unnu samtals til átján gullverðlauna, sjö silfurverðlauna og þriggja bronsverðlauna. Til hamingju með árangurinn.







03/04/2025

Vormót JSÍ 2025 – senioraflokkar



Vormót JSÍ 2025 í seniora flokkum karla og kvenna (15 ára og eldri) verður haldið hjá Judodeild ÍR, Skógarseli 12, 109 Reykjavík, laugardaginn 5. apríl næstkomandi. Mótið hefst kl. 12 og áætlað var að því lyki kl. 15 en vegna mikillar þátttöku þarf að tvískipta því. Fyrri hluti mótsins hefst kl. 12 og ætti að ljúka um kl. 14:30 en þá verður keppt í -73, -81 og -100 kg flokkum karla. Seinni hluti hefst svo strax að lokinni keppni í fyrri hluta eða um kl. 14:30 með keppni í -66, -90 og +100 kg flokkum karla og -57, -63 og -70 kg flokkum kvenna. Mótslok áætluð um kl. 17. Verið mætt tímanlega því keppni í seinni hluta hefst eins fljótt og hægt er að lokinni keppni í fyrri hluta.

07/04/2025

Sjö gull á Vormóti JSÍ 2025



Vormót JSÍ 2025 í seniora flokkum var haldið laugardaginn 5. apríl í nýstandsettum glæsilegum æfingasal Judodeildar ÍR og hófst það kl. 12 og lauk um kl. 15:30. Keppendur voru fjörtíu og einn frá fimm klúbbum.

Töluvert var um nýja keppendur sem og yngri sem æft hafa í mörg ár og eru að ganga upp í eldri aldursflokka. Keppnin var mjög skemmtileg á að horfa, mikið af fallegum ippon köstum og spennandi viðureignum. JR- ingar voru hlutskarpastir og unnu öll gullverðlaunin sex sem í boði voru í karlaflokki og ein gullverðlaun í kvennaflokki og JS (Judofélag Suðurlands) tóku tvönn gullverðlaun í kvennaflokkum.

Starfsmenn mótsins voru Aleksandra Lis, Ásgeir Ásgeirsson, Gísli Egilson og Magnús Sigurjónsson og dómarmar voru þeir Björn Sigurðarson, Breki Bernhardsson, Gísli Egilson, Sævar Sigursteinsson, og Yoshihiko Iura.







08/04/2025

Íslandsmeistaramót yngri 2025



Íslandsmót í yngri aldursflokkum (U13 , U15, U18 og U21) verður haldið hjá Judodeild Ármanns í Laugardal, laugardaginn 12. apríl og hefst kl. 11:00 og áætluð mótslok verða um kl. 15:00.

09/04/2025

Páskamót JR 2025



Páskamót JR og Góu verður haldið laugardaginn 26. apríl og nú í tuttugusta skiptið og er mótið opið öllum klúbbum eins og venjulega. Skráning í skráningarkerfi JSÍ og er skráningarfrestur til miðnættis þriðjudagsins 22. apríl og sjá klúbbarnir um að skrá þátttakendur ekki foreldrar. Keppt verður í **aldursflokkum 7-10 ára og 11-14 ára.**

13/04/2025

Frábær árangur á ÍM yngri 2025



Íslandsmeistaramótið í yngri aldursflokkum fór fram Laugardaginn 12. apríl hjá Judodeild Ármanns. Keppt var í aldursflokkum U13, U15, U18 og U21 árs. Keppendur voru níutíu og sjö frá tíu klúbbum og hefur þátttakan aukis verulega frá því í fyrra en þá voru keppendur sjötíu og fimm. Keppt var á tveimur völlum þar sem margar spennandi og flottar viðureignir litu dagsins ljós og enduðu margar á glæsilegum ippon köstum. Þátttakendur frá JR voru þrjátíu og þrjár og unnu þeir alls tuttugu gullverðlaun, átta silfur og þrenn bronsverðlaun og voru flestir að vinna sína fyrstu Íslandsmeistaratitla og örugglega ekki þá síðustu. Til hamingju með árangurinn. Mótið var vel heppnað en það hófst kl. 11 og lauk um kl. 15.



U13-32



U13-40



U13-44



U13-57



U13-34



U13-42



U13-50



U15-46



U15-55



U15-81



U18-52



U18-60



U18-66



U18-73



U18-81



U21-63



U21-60



U21-66



U21-73



U21-81



U21+100



14/04/2025

Íslandsmeistaramót karla og kvenna 2025



Íslandsmeistaramót karla og kvenna 2025 verður haldið sunnudaginn 27. apríl í Laugardalshöllinni. Allir bestu judomenn og konur landsins verða með. Mótið hefst kl. 10 með keppni í öllum þyngdarflokkum sem ætti að ljúka um kl. 12. Að lokinni verðlaunaafhendingu hefst svo keppnin í opnum flokkum karla og kvenna. Mótslok eru áætluð um kl. 15:00. Hér verður hægt að fylgjast með í **beinni útsendingu** og hér má svo sjá **úrslitin**. Hlekkir á beina útsendingu og úrslit verða settir inn á keppnisdegi. **Vigtun keppenda verður hjá JR laugardaginn 26. apríl frá kl. 17:00 – 18:00**

15/04/2025

Páskafri frá og með 17. apríl



Það styttist í páskafri hjá okkur en það verða æfingar í dag og á morgun miðvikudag en páskafri hefst svo í öllum aldursflokkum á skírdag, fimmtudaginn 17. apríl. Æfingar hefjast aftur samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 22. apríl.

16/04/2025

Copenhagen Open 2025



Copenhagen Open 2025 verður haldið dagana 18 og 19 apríl en þetta er alþjóðlegt mót og eru skráðir keppendur 871 frá 15 þjóðum, BEL, CZE, DEN, FRA, FRO, GBR, GER, ISL, ITA, LAT, LTU, NED, NOR, POL, SWE. Keppendur frá Íslandi eru fjórtíu og þrír úr fjórum klúbbum, JR (21), JS (1), UMFS (20) og Tindastóli (1). Frá JR eru tuttugu og einn keppandi sem keppa munu í aldursflokkunum U10, U12, U15, U18 og 18 ára og eldri. Keppandi JR í U10 er Ea Kjærnested, í U12 eru Freyja Friðgeirsdóttir, Jonathan Noah, María Guðmundsdóttir og Röskva Rúnarsdóttir. Í U15 eru Benjamín Blandon, Fannar Þormóðsson, Gústav Kjærnested, Jóhann Jónsson, Karólína Atladóttir, Orri Hjálmarsson og Snjólaug Helgadóttir. Í aldursflokkum U18 og 18+ keppa þeir Bjarnsteinn Hilmarsson, Daníel Hákonarson, Dagur Ingibergsson, Gunnar Tryggvason, Jónas Guðmundsson, Kolmar Jónsson, Mikael Ísaksson, Orri Helgason og Viktor Kristmundsson. Með hópnum fara þrír þjálfarar þeir Bjarni Friðriksson, Guðmundur Jónasson og Þormóður Jónsson og fararstjórar eru þeir Alfreð Atlason, Helgi Einarsson og Hilmar Arnarson og auk foreldra sem verða þeim til aðstoðar.

Föstudaginn 18. apríl hefst keppnin kl. 9 í aldursflokkum U10 og U12 og um klukkan 12 hefst svo keppnin í U18 ára. Laugardaginn 19. apríl hefst keppnin kl. 9 í aldursflokki U15 og um kl. 13 hefst svo keppnin hjá 18 ára og eldri.

Myndin hér neðar var tekin á Íslandsmeistaramótinu sem haldið var síðustu helgi og eru flestir á þeirri mynd sem keppa munu á Copenhagen Open 2025.



21/04/2025

Góðmálmar á Copenhagen Open 2025




JR-ingar unnu til sjö verðlauna og urðu í 5. og 7. sæti á sterku alþjóðlegu móti í Danmörku, **Copenhagen Open 2025** sem haldið var dagana 18 og 19 apríl þar sem keppendur voru rúmlega 800 frá fimmtán þjóðum.

Í aldursflokkum U10 vann Ea Kjærnsted bronsverðlaun í **WU10-22**, í aldursflokki U12 vann Röskva Rúnarsdóttir til silfurverðlauna í **WU12+44** og bronsverðlaun unnu þau Jonathan Noah í **MU12+46** og María Guðmundsdóttir í **WU12-44**. Freyja Friðgeirsdóttir keppti um bronsið í **WU12-40** en hafnaði í 5. sæti eftir tvo vinninga og tvö töp. Í aldursflokki U15 varð Jóhann Jónsson í öðru sæti í **MU15+66** og í aldursflokknum U18 unnu þeir Gunnar Tryggvason **MU18-81** og Viktor Kristmundsson **MU18+81** til bronsverðlauna og að lokum í aldursflokknum 18+ varð Mikael Ísaksson í 7. sæti í **MO18-81** þrátt fyrir að hafa unnið fjórar viðureignir. Því fjölmennari sem flokkurinn er því fleiri glímur þarf að vinna að sjálfsgöðu en stundum er leiðin lengri í bronsverðlaunin heldur en gullið eins og í tilfalli Mikaeils en hann hefði þurft tvo vinninga til viðbótar en sá sem vann gullið vann fimm glímur í röð. Vegna meiðsla urðu þeir Daníel Hákonarson og Kolmar Jónsson að draga sig úr keppni í 18+.

Hingað til höfum við einungis keppt í U15, U18 og 18+ en nú kepptum við einnig í U10 og U12. Það er óhætt að segja að allir keppendurnir okkar stóðu undir væntingum, glímdu afar vel þó svo að stundum væri það erfitt en í aldursflokknum U15 gat verið allt að tveggja ára aldursmunur sem er mikið fyrir þennan aldur en þar eru keppendur 12, 13 og 14 ára gamlir sem okkur finnst fullmikið aldursbil en svona er þetta í Danmörku. Þátttaka þeirra var lærdómsríkt fyrir þau og þjálfara sem fengu samanburð við aðrar þjóðir.

Óhætt er að segja að árangurinn hafi verið góður á heildina litið, tuttugu og tveir vinningar, tvö silfur, fimm brons og ekki langt frá því að taka tvö brons til viðbótar. JR hefur allnokkrum sinnum tekið þátt í Copenhagen Open sem alltaf er haldið um páskahelgina og er þetta líkast til besti árangur sem félagið hefur náð fram að þessu.







23/04/2025

Gleðilegt sumar



Á morgun sumardaginn fyrsta falla allar æfingar niður nema hjá **Gólfglímu 30+ og meistaraflokki** vegna undirbúnings þeirra fyrir Íslandsmeistaramót karla og kvenna sem haldið verður næsta sunnudag í Laugardalshöllinni og hefst kl. 10. Æfingar á föstudaginn og laugardaginn verða samkvæmt stundaskrá. Gleðilegt sumar.

24/04/2025

Evrópumeistaramótið 2025



Í vikunni fóru þeir **Skarphéðinn Hjaltason** og Zaza Simonishvili til Podgorica í Montenegro en Skarphéðinn mun keppa þar á **Evrópumeistaramótinu** sem hófst 23. apríl og lýkur með liðakeppni 27. apríl. Evrópumeistaramótið er líkast til sterkasta mótið sem haldið er í heiminum ár hvert því judohefðin er mikil í Evrópu og fáir veikir hlekkir. Þátttakendur eru 414 frá 47 þjóðum, 229 karlar og 185 konur. Á morgun föstudaginn 25. apríl keppir Skarphéðinn en hann keppir í **-90 kg** flokki og mætir þar þrátiu og eins árs gömlum Tékkka, **David Klammert** sem er í 29. sæti heimslistans. Klammert er okkur Íslendingum vel kunnugur en hann vann gullverðlaunin í -90 kg flokki á RIG árið 2015. Keppnin hefst kl. 8:30 á íslenskum tíma og á Skarphéðinn 20 viðureign á velli 2. sem gæti verið um kl. 9:45. Skarphéðinn er væntanlegur aftur heim á laugardaginn og mun taka þátt í **Íslandsmeistaramótinu** á sunnudaginn.

29/04/2025

Úrslit páskamóts JR 2025



Tuttugusta páskamót JR og Góu fór fram laugardaginn 26. apríl en að venju er það haldið fyrstu helgina eftir páska. Mótið er vinsælasta og fjölmennasta mót ársins hjá yngri judo iðkendum og er opið öllum klúbbum. Flestir þessara ungu iðkenda eru að stíga sín fyrstu skref í keppni og fá allir þátttakendur verðlaun að móti loknu. Aldursflokknum 7-10 ára var tvískipt og kepptu 7-8 ára börn frá 12-13:30 og 9-10 ára börn frá 13:30-15 en þá hófst keppni í aldursflokkum 11-14 ára sem lauk um kl. 16:15. Eins og undanfarin ár þá var fyrr um morguninn á æfingu 5-6 ára barna hjá JR haldið lítið páskamót fyrir þau og þeim kennt hvernig á að bera sig að í keppni, skilja dómara og fleira og stóðu þau sig mjög vel.

Þátttakendur á mótinu í ár voru níutíu og fjórir frá eftirfarandi klúbbum, Ármanni, Selfoss, JDS, KA, ÍR og Judofélagi Reykjavíkur. Með keppendum komu þjálfarar og auk þeirra fjöldinn allur af foreldrum og eða aðstandendum. Keppnin mjög skemmtileg, fullt af flottum viðureignum og glæsilegum köstum.

Dómarar mótsins og aðstoðarmenn þjálfara voru eins og undanfarin ár nokkrir af okkar bestu judomönnum sem stóðu sig frábærlega að venju en það voru þau Daníel Hákonarson, Jónas Guðmundsson, Mikael Ísaksson og Weronika Komendera sem dæmdu og Guðmundur Jónasson þjálfari og Gunnar Ingi Tryggvason héldu utan JR keppendur og mótsstjórn var á höndum þeirra Jóhanns Mássonar og Bjarna Friðrikssonar.







29/04/2025

Sjö gullverðlaun á Íslandsmóti seniora 2025



Íslandsmeistaramótið var haldið í gær sunnudaginn 27. apríl í Laugardalshöllinni. Keppendur voru fjörtíu og þrjár frá sex judofélögum. Keppt var í sjö flokkum karla og fjórum flokkum kvenna og unnu JR-ingar til sjö gullverðlauna, sjö silfur og fimm bronsverðlauna. Af ellefu íslandsmeisturum voru fimm þeirra að vinna sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í seniora flokki en aðrir sinn annan, þriðja og fjórða titil og Egill Blöndal sinn níunda en núna í fyrsta sinn í +100 kg flokki eftir hörku viðureign gegn Kjartani Hreiðarssyni og hörkutólið Janusz Kommendera sigraði -66 kg flokkinn í fjórða sinn eftir harða baráttu gegn unglíngnum Orra Helgasyni. Eyja Viborg (-57), Heiðrún Pálsdóttir (+78), Damian Troianschi (-90), Gylfi Edduson (-73) og Mikael Ísaksson (-81) urðu Íslandsmeistarar í fyrsta skipti í seniora flokki og óskum við þeim til hamingju með þann áfanga. Weronioka Kommendera varði titlana frá því 2024 en hún vann bæði -63 kg flokkinn og opna flokkinn núna eins og í fyrra. Aðalsteinn Björnsson sem keppti til úrslita í fyrra í Opnum flokki en varð að játa sig sigraðan þá gegn félaganum Skarphéðni Hjaltasyni sem varð Íslandsmeistari núna í -100 kg flokki, sigraði núna Opna flokkinn eftir æsispennandi viðureign gegn **Damian Troianschi** en hann hafði fyrr um daginn tapað fyrir honum í úrslitum í -90 kg flokki. Viðureignin milli Aðalsteins og Damian sem er **topp judomaður frá Portugal** (Portgalskur meistari 2023) og búið hefur á Íslandi undanfarin ár var í hæsta gæðfokki og mátti vart á milli sjá hvor myndi standa uppi sem sigurvegari en Aðalsteinn sem er á gríðarlegri siglingu gaf sig hvergi þrátt fyrir að hafa tapað fyrir um daginn gegn honum og náði glæsilegu ippon kasti undir lok glímútímas og sigraði í flokkinn og er sá yngsti (18 ára) sem það hefur gert fram að þessu. Fleiri spennandi, skemmtilegar og jafnar viðureignir litu dagsins ljós og aðrar sem voru stuttar og snarpar sem enduðu á glæsilegum köstum og var mótið heilt yfir hin besta skemmtun og vel framkvæmt og passlega langt en það hófst kl. 10 og lauk um kl. 13. Að lokum þá óskum við öllum Íslandsmeisturinum til hamingju með árangurinn.



-57 kg



-63 kg



+78 kg



-66 kg



-73 kg



-81 kg



-90 kg



-100 kg



+100 kg



Opinn flokkur



Opinn flokkur



01/05/2025

Æfingabúðir JSÍ 2-4 maí



Það verður einungis æfing hjá 11-14 ára í JR á morgun föstudag en æfing hjá meistaraflokki fellur niður þar sem æfingahelgi JSÍ hefst á sama tíma og JR ingar munu taka þátt í henni.

Dagana 2-4 maí fara fram æfingabúðir JSÍ. Æfingabúðirnar munu saman standa af randori og tækniæfingum þar sem undirbúningur fyrir NM og Smáþjóðaleika verður hafður að leiðarljósi. Æfingabúðirnar eru ætlaðar fyrir iðkendur í U18 U21 og seniora flokkum. Eldri judomenn eru að sjálfsögðu hjartanlega velkomnir.

07/05/2025

Vel heppnuð JSÍ æfingahelgi

Æfingabúðir JSÍ voru haldnar dagana 2-4 maí og voru vel sóttar en þátttakendur voru rúmlega þrjátíu úr sjö klúbbum. Zaza Simonishvili landsliðsþjálfari stjórnaði æfingunum sem voru blanda af randori og tækniæfingum. Æfingabúðirnar voru þáttur í lokaundirbúningi keppenda fyrir Norðurlandameistaramótið sem haldið verður næstu helgi í Danmörku og Smáþjóðaleikana í Andorra síðustu vikuna í maí.



08/05/2025

Norðurlandameistaramótið 2025



Norðurlandameistaramótið 2025 verður haldið í Kaupmannahöfn dagana 10-11 maí og eru skráðir keppendur tæplega sexhundrað frá öllum Norðurlöndunum auk keppenda frá Álandseyjum og Eistlandi. Á laugardaginn verður keppt í senioraflokki og aldursflokki U18 og á sunnudaginn í U21 árs og veterans sem eru keppendur 30 ára og eldri. Báða dagana hefst keppnin á okkar tíma kl. 7:30 (U18 og U21) og seniorar og veterans kl. 11:30. Það eru þrettán keppendur frá Íslandi og með þeim fara Zaza Simonishvili landsliðsþjálfari og Þormóður Jónsson þjálfari og fararstjóri og Bjarni Skúlason og Marija Dragic Skúlason munu bætast í hópinn í Kaupmannahöfn. Auk þeirra verða dómarnir Björn Sigurðarson og Gunnar Jóhannesson með í för og Gísli Egilson formaður JSÍ sem sækir fund judosambanda Norðurlanda. Flestir keppendurnir okkar munu keppa í tveimur aldursflokkum þannig að keppendur í U18 keppa líka í U21 og keppendur í U21 keppa líka í senioraflokkum. Keppni í aldursflokki 30 ára og eldri (Veterans) er síðast á dagskrá og ætla þeir Þormóður og Zaza að taka þátt í þeirri keppni ef einhverjir mótherjar verða þar í þeirra aldurs og þyngdarflokki og verður ekki síður skemmtilegt að fylgjast með þeim.

Í **aldursflokki U18** keppa þau Eyja Viborg -52, Weronika Komendera -57, Helena Bjarnadóttir -63, Orri Helgason -66, Jónas Guðmundsson -73, Dagur Ingibergsson og Gunnar Tryggvason -81 og Viktor Kristmundsson í +90 kg.

Í **aldursflokki U21 árs** keppa allir ofangreindir auk Mikael Ísakssonar -81 og Arnars Arnarssonar -100 kg.

Í **senioraflokki** keppa þeir Böðvar Arnarsson og Mikael Ísaksson -81, Skarphéðinn Hjaltason -90, Arnar Arnarsson -100 og Kjartan Hreiðarsson +100 kg.

Í **veterans flokki** keppa Zaza Simonishvili -73 (M1+2) og Þormóður Jónsson +100 (M3+4)

10/05/2025

Gull og brons á NM í dag



Í dag hófst Norðurlandmótið 2025 með keppni í U18 og senioraflokkum og komu fern verðlaun í hús hjá okkur, tvö gull og tvö brons. Eyja Viborg reið á vaðið og sigraði -52 kg flokkinn í U18 og vann þar alla sína andstæðinga örugglega. Ekki löngu seinna lék Viktor Kristmundsson sama leikinn og sigraði einnig örugglega í +90 kg flokki í U18. Helena Bjarnadóttir sem keppti í -70 kg í U18 glímdi líklegast lengst allra en ein viðureignin sem venjulega er 4 mínútur fór í gullskor og stóð samtals í 21 mínútu. Maður þarf að vera í toppformi til að standast það álag sem og Helena gerði. Hún komst í undanúrslit en tapaði þar en bronsverðlaunin voru hennar. Kjartan Hreiðarsson keppti síðastur okkar manna í dag en hann keppti í +100 kg flokki karla. Þar sigraði hann þrjá andstæðinga sína örugglega en tapaði tveimur viðureignum en það var gegn sigurvegaranum og silfurverðlaunahafanum svo Kjartan stóð uppi með bronsverðlaunin eins og Helena. Fleiri kepptu í dag en stóðu sig auðvitað misvel og komust nokkrir í 6-9 sæti. Þetta er ungt lið meðalaldurinn um 17 ár sá yngsti 15 ára og sá elsti 22 ára og fer þessi þátttaka öll í reynslubankann þeirra sem á eftir að nýtast þeim seinna meir. Á morgun verður keppt í U21 árs aldursflokkum og veterans og erum við með fjölda þátttakenda þar. Við óskum Íslenska liðinu til hamingju með árangurinn í dag sem var frábær.



11/05/2025

Gull, silfur og brons á NM 2025



Það bættust við góðmálmar á NM í dag þegar Arnar Arnarsson og Zaza Simonishvili luku keppni en Arnar varð annar í -100 kg flokki í U21 og Zaza sigraði alla sína fimm andstæðinga á ippon í veterans flokki -73 kg. Einnig stóð til að Þormóður Jónsson myndi keppa í veterans flokki +100 kg en þar vantaði mótherja svo ekkert varð af því. Auk fyrgreindra kepptu einnig í dag þeir Jónas Guðmundsson -73 kg og Gunnar Tryggvason og Mikael Ísaksson í -81 kg flokki og komst Mikael lengst þeirra en hann endaði í 7. sæti. Einnig stóð til að þau Viktor Kristmundsson, Eyja Viborg, Helena Bjarnadóttir og Weronika Komendera myndu keppa en vegna lítilsháttar meiðsla og að stutt er í Smáþjóðaleikana þar sem stúlkurnar verða á meðal þátttakenda var ákveðið að láta keppnina í gær duga hjá þeim en Viktor keppti ekki vegna meiðsla í öxl frá því gær. Það voru formenn judosambanda Norðurlanda sem veittu verðlaunin og var Gísli Egilson formaður JSÍ einn þeirra eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Það er óhætt að segja að árangur okkar á Norðurlandameistaramótinu hafi verið góður, þrjú gullverðlaun, ein silfurverðlaun og tvenn bronsverðlaun. Til hamingju með árangurinn.





Zaza gull í -73 kg veterans



Kjartan brons + 100kg

19/05/2025

Síðustu æfingar á vorönn 2025



Nú fer að líða að síðustu æfingum á vorönninni. Á morgun kl. 17 verður sameiginleg æfing hjá 5-6, 7-10 og 11-14 ára og er það jafnframt síðasta æfingin hjá þessum aldurshópum á þessari önn nema hjá 11-14 ára en síðasta æfing hjá þeim verður 23. maí. Æfingin verður aðallega í formi leikja síðan verða afhent viðurkenningarskjöl fyrir þátttökuna í vetur, myndataka af hópnum og að lokum verður boðið uppá í pizzu og drykki.

Í skoðun er að halda æfingum áfram hjá 11-14 ára í einn mánuð í viðbót ef næg þátttaka fæst og verður það tilkynnt næstu daga ef af verður.

Síðustu æfingar á vorönn 2025 hjá öllum 15 ára og eldri, Gólfglíma 30+ og Kvennaæfing verða í þessari viku, 19-24 maí samkvæmt stundaskrá. Meistaraflokkur mun hinsvegar æfa áfram í sumar, líkast til fram í miðjan júlí og er öllum iðkendum 15 ára eldri velkomið að mæta á þær æfingar sem verða á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum kl. 18:00-19:30. Einnig munu æfingar hjá Gólfglímu 30 + verða eitthvað fram haldið í sumar á sömu dögum og sama tíma og á vorönninni.


22/05/2025

Vorönn 2025 lokið hjá yngri aldursflokkum



Sameiginleg æfing yngri flokka JR þ.e. barna 5-6 ára, 7-10 ára og 11-14 ára var haldin þriðjudaginn 20. maí sem var aðallega í formi leikja. Að æfingu lokinni voru börnunum afhent viðurkenningarskjöl fyrir þátttökuna á vorönninni og síðan var sest í setustofuna þar sem boðið var uppá veitingar. Það vantaði allmarga iðkendur á æfinguna og hafði kanski frábært veður eitthvað með það að gera og því komust ekki öll viðurkenningarskjölin til skila en hægt er að nálgast þau í JR eftir helgi. JR vill þakka foreldrum og eða aðstandendum fyrir samveruna í vetur og aðstoðina í dag sem og iðkendum öllum og vonumst til þess að sjá ykkur aftur sem flest á haustönninni sem hefst um miðjan ágúst en það verður auglýst hér þegar nær dregur.





25/05/2025

Smáþjóðaleikarnir 2025 í Andorra



Smáþjóðaleikarnir verða haldnir í Andorra dagana 26. til 31. maí. Níu Íslenskir þátttakendur í judo verða á meðal keppenda en það eru þau Kjartan Hreiðarsson (-100 kg) Aðalsteinn Karl Björnsson og Skarphéðinn Hjaltason (-90 kg), Böðvar Arnarsson og Mikael Ísaksson (-81 kg) Gylfi Jónsson (-73 kg) Helena Bjarnadóttir (-63 kg), Weronika Komendera (-57 kg) og Eyja Viborg (-52 kg) Með þeim í för er Gísli Egilson flokkstjóri og þjálfarar þeir Þormóður Árni Jónsson og Zaza Simonishvili. Góða ferð og gangi ykkur vel.

Þriðjudaginn 27. maí er einstaklingskeppnin og hefst hún samkvæmt núverandi **áætlun** (sem gæti breyst) kl. 8:30 að íslenskum tíma og úrslit kl. 14 og liðakeppnin verður svo 29. maí og hefst kl. 8:30 og úrslit kl. 11.



02/06/2025

Gull og tvö brons á Smáþjóðaleikumum



Smáþjóðaleikarnir 2025 voru haldnir í Andorra dagana 26. til 31. maí og voru níu íslenskir keppendur í judo á meðal þátttakenda auk þjálfara og flokksstjóra. Þau sem kepptu að þessu sinni voru Kjartan Hreiðarsson (-100 kg) Aðalsteinn Karl Björnsson og Skarphéðinn Hjaltason (-90 kg), Böðvar Arnarsson og Mikael Ísaksson (-81 kg) Gylfi Jónsson (-73 kg) Helena Bjarnadóttir (-63 kg), Weronika Komendera (-57 kg) og Eyja Viborg (-52 kg). Flokksstjóri var Gísli Egilson og þjálfarar þeir Þormóður Árni Jónsson og Zaza Simonishvili. Aðalsteinn Björnsson sem keppti á síðustu Smáþjóðaleikum í -73 kg flokki hefur verið að bæta sig gríðarlega á síðustu mánuðum og keppti núna í -90 kg flokki. Hann sigraði með miklum yfirburðum og er hann líklegast sá yngsti til þessa, aðeins 18 ára gamall, til að vinna til gullverðlauna á Smáþjóðaleikum í judo. Þetta voru einu gullverðlaunin sem við fengum að þessu sinni og kominn tími til en síðast unnum við gullverðlaun á Smáþjóðaleikumum 2017 í San Marínó. Helena Bjarnadóttir stóð sig einnig virkilega vel og vann til bronsverðlauna í -63 kg flokki kvenna og hún ásamt Weroniku Komendera og Eyju Viborg unnu einnig bronsverðlaun í liðakeppni kvenna. Kjartan Hreiðarsson og Eyja Viborg kepptu um bronsverðlaunin í sínum flokkum en lutu því miður í lægra haldi og Skarphéðinn varð í fjórða sæti en aðrir komust ekki áfram.







11/06/2025

Gunnar, Jónas og Orri komnir með 1. dan



Þeir félagar Gunnar Ingi Tryggvason, Jónas Björn Guðmundsson og Orri Snær Helgason þreyttu gráðupróf fyrir 1. dan í gær og stóðust það með glæsibrag. Orri er á sextánda ári og er einn af fáum sem hafa náð svartabeltinu á þeim aldri en Gunnar og Jónas eru á sautjándá ári. Allir hafa þeir æft judo í mörg ár eða frá 6-10 ára aldri en Jónas byrjaði 6 ára gamall. Þeir hafa alltaf verið mjög áhugasamir um keppni og tekið þátt í flestum mótum sem í boði eru bæði hér heima og nokkrum erlendis og staðið sig vel og voru t.d. allir í verðlaunasæti á ÍM karla 2025 og eru núverandi Íslandsmeistarar í U18 í hver í sínum þyngdarflokki. Til hamingju með áfangann.



24/06/2025

Aðalfundur JR 2025



Aðalfundur JR var haldinn 24. júní. Jón Hlíðar Guðjónsson formaður JR setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Gengið til dagskrár og kosnir fastir starfsmenn fundarins. Jóhann Másson var kosinn fundarstjóri og Eyjólfur Orri Sverrisson ritari. Fráfarandi stjórn flutti starfsskýrslu og lagði fram reikninga. Umræður um skýrslu og reikninga og fyrirspurnum svarað. Starfsskýrsla og reikningar bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða. Engar tillögur lágu fyrir fundinum en undir liðnum önnur mál báru ýmis áhugaverð mál á góma og samþykkt var að að vísa nokkrum þeirra til stjórnar til frekari útfærslu. Næst var komið að kosningu stjórnar og skoðunarmanns. Jón Hlíðar Guðjónsson var endurkjörinn formaður og aðrir í stjórn voru kosin þau Daníela Rut Daníelsdóttir, Eyjólfur Orri Sverrisson, Magnús Jóhannsson og Alfreð Atlason og í varastjórn Ari Sigfússon og Jóhann Másson og skoðunarmaður Runólfur Gunnlaugsson. Jóhann Másson gaf ekki kost á sér í aðalstjórn og Höskuldur Einarsson gaf ekki kost á sér í stjórn að sinni en hann hefur setið í stjórn JR í yfir tuttugu ár og þakkar JR honum fyrir hans framlag og vinnu fyrir félagið allan þann tíma. Endurkjörinn formaður, Jón Hlíðar þakkaði fundargestum fyrir komuna og góða fundarsetu og sleit fundi.

29/06/2025

Helena keppti á EM cadett



Evrópumeistaramót Cadett 2025 (aldursflokkur 15-17 ára) fór fram í Skopje í Makedoníu dagana 26-28 júní. Þetta er eitt sterkasta mót sem haldið er í heiminum ár hvert í þessum aldursflokki og voru keppendur 421, karlar 217 og konur 204. Að þessu sinni var aðeins einn keppandi frá Íslandi en **Helena Bjarnadóttir** keppti í **-70 kg** flokki og þjálfari með henni var María D. Skúlason. Helena átti fyrstu viðureign í flokknum og mætti **Alina Chekmareva** (IJF) sem er í 33 sæti heimslistans. Þetta var hörkuviðureign sem var mjög jöfn og hvorugar náðu skori í venjulegum glímútíma sem er fjórar mínútur og var það ekki fyrr en á annari mínútu í gullskori sem Alinu tókst að skora og innbyrða sigur þar með. Alina datt út í næstu umferð gegn franskri stúlku sem er efst á heimslistanum og þar með var engin uppreisnarglíma í boði fyrir Helenu og hún úr leik. Hér neðar eru myndir frá glímunni hennar gegn Alinu.



02/07/2025

Æfa í Georgíu í sumar



Á þriðjudaginn lögðu af stað til Georgíu þeir Aðalsteinn Björnsson, Jónas Guðmundsson, Mikael Ísaksson og Skarphéðinn Hjaltason ásamt Zaza Simonishvili sem er frá Georgíu og munu þeir æfa í judoklúbbum í Tbilisi út júlí. Margir af bestu judomönnum heims koma einmitt frá Georgíu sem á marga evrópu, heims og Ólympíumeistara og eiga strákarnir örugglega eftir að sjá til og jafnvel æfa með einhverjum þeirra eins og Aðalsteinn í fyrra sumar þegar hann æfði meðal annars með **Beka Gviniashvili** og **Luka Maisuradze**.

03/07/2025

Breyttur æfingatími í júlí



Í júlí munu reglulegar judoæfingar í meistaraflokki og framhaldi 15+ vera á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl 18-19:30, Ef áhugi er á því að æfa einnig á þriðjudögum og föstudögum þá verður það hægt en ákveðið hverju sinni á æfingu daginn áður.

19/07/2025

Keppa á EYOF 2025



EYOF 2025 verður haldið í Skopje í Makedoníu 20-26 júlí og verður judokeppnin dagana 22. til 25 júlí. Skráðir þátttakendur í judo eru 341 frá 44 þjóðum 184 karlar og 157 konur. Keppendur okkar eru þau Eyja Viborg -52 kg, Helena Bjarnadóttir -63 kg, Jónas Guðmundsson -73 kg og Viktor Kristmundsson +90 kg og með þeim er Zaza Simonishvili landsliðsþjálfari. Eyja keppir 23. júlí, Helena og Jónas 24. júlí og að lokum Viktor 25. júlí. Nánari upplýsingar eins og hverjir verða andstæðingar þeirra og tímasetningar má finna hjá **EJU** og hjá **IJF** og fylgjast með keppninni í beinni útsendingu **hér** og líkast til einnig á **JudoTV**. Á myndinni sem hér fylgir vantar Helenu en hún býr í Serbíu og kemur þaðan til Makedoníu.




28/07/2025

Keppni lokið á EYOF 2025



EYOF 2025 var haldið í Skopje í Makedoníu dagana 20-26 júlí. Keppendur í judo voru 338 frá 44 þjóðum 183 karlar og 155 konur. Í judokeppninni voru fjórir þátttakendur frá Íslandi þau Eyja Viborg **-52 kg**, Helena Bjarnadóttir **-63 kg**, Jónas Guðmundsson **-73 kg** og Viktor Kristmundsson **+90 kg** og með þeim var Zaza Simonishvili landsliðsþjálfari. Judokeppnin á EYOF er og hefur alltaf verið gríða sterk og ekki auðvelt að komast áfram en á sama tíma mjög gott mót til að bera sig saman við þá bestu í þessum aldursflokki. Eyja Viborg komst lengst okkar keppenda en hún sigraði heimamann í fyrstu viðureign á fallegu ippon kasti. Í annari viðureign varð hún að játa sig sigraða en fékk uppreisnarglímu þar síðasti andstæðingur hennar komst í fjórðungs úrslit en því miður tapaði hún þeirri viðureign og endaði 9-12 sæti. Við höfum ekki átt marga keppendur í kvennaflokki á EYOF fram að þessu og var þetta var í fyrsta skipti sem við vinnum viðureign í þeim flokki. Aðrir keppendur okkar töpuðu í fyrstu viðureign en fengu ekki uppreisnarglímu þar sem andstæðingar þeirra sem þau töpuðu fyrir komust ekki nógu langt áfram í keppninni. Jónas tapaði í fastataki sem og Helena en Viktor átti mjög fina glímu en tapaði á wazaari að loknum fullum glímútíma. Á einu augnabliki í glímunni náði Viktor flottu ippon kasti og hefði þar með unnið viðureignina ef það hefði verið gilt en dómari hafði á sama augnabliki kallað matte og kastið því ekki gilt því miður. Nánari upplýsingar um mótið má finna á vef **IJF** á **JudoTV**.



Eyja Viborg -52 kg

Helena Bjarnadóttir -63 kg



Viktor Kristmundsson +90 kg



Jónas Guðmundsson -73 kg

02/08/2025

Bjarnsteinn og Jóhann keppa í Tallinn



ICG (**I**nternational **C**hildren´s **G**ames) eða alþjóðaleikar ungmenna verða haldnir í 57 skiptið dagana 3-8 ágúst í Tallinn í Eistlandi. Leikarnir sem eru viðurkenndir af Alþjóða Ólympíunefndinni hafa verið haldnir um víða veröld síðan 1968 og er þar keppt í hinum ýmsu íþróttagreinum fyrir ungmenni á aldrinum 12-15 ára. Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) hefur með stuðningi frá ÍTR sent þátttakendur á leikana frá árinu 2001 og hafa Reykvískir judomenn og konur amk. þrisvar sinnum tekið þátt í þeim. Í fyrsta skipti þegar leikarnir fóru fram í Reykjavík árið 2007, næst 2011 í Skotlandi þar sem Logi Haraldsson -73 kg og Roman Rumba -81 kg unnu báðir til silfurverðlauna og svo næst 2017 í Kaunas í Litháen. Því miður vantar frekari og öruggar upplýsingar um þátttöku og árangur frá fyrri tíð en verður bætt úr því við fyrsta tækifæri ef hægt er. Nú fara leikarnir fram í Tallinn í Eistlandi eins og áður sagði og verða þeir Bjarnsteinn Hilmarsson og Jóhann Jónsson á meðal þátttakenda að þessu sinni ásamt Zaza Simonishvili þjálfara. Judokeppnin verður haldin þriðjudaginn 5. ágúst og keppir Bjarnsteinn í -73 kg flokki og Jóhann í -81 kg flokki og verða nánari upplýsingar um mótið settar hér inn um leið og þær fást.



04/08/2025

Búið að draga og bein útsending á ICG 2025



Judokeppnin á **International Children's games** hefst á morgun. Búið er að **draga** og mætir Jóhann Jónsson sem keppir í **-81 kg flokki** Nace Hovnik frá Slóveníu og Bjarnsteinn Hilmarsson sem keppir í **-73 kg flokki** mætir Jaka De Costa einnig frá Slóveníu. Keppt verður á þremur völlum og hægt að fylgjast með keppninni í **beinni útsendingu** sem hefst kl 6:00 í fyrramálið á okkar tíma en þeir eru þremur tímum á undan okkur. Forkeppnin er frá kl. 6:00 – 9:00 og úrslitin frá 11:00 – 13:00 á okkar tíma.

06/08/2025

Jóhann með silfur í Tallinn



Jóhann með silfur í Tallinn

Strákarni kepptu í gær á **International Children's games** og stóðu sig vel en Jóhann Jónsson keppti til úrslita í **-81 kg flokknum** eftir að hafa lagt að velli tvo á andstæðinga með glæsilegum ippon köstum, þann fyrri á drop seoi-nage og þann seinni á uranage. Hann mætti síðan Rokas Leikus frá Litháen í úrslitum og reyndi aftur uranage sem hafði gengið svo vel gegn síðasta andstæðini en Rokas áttaði sig í tíma og náði mótbragði og sigraði. Bjarnsteinn Hilmarsson sem keppti í **-73 kg flokki** tapaði í fyrstu umferð en fékk uppreisnarglímu sem hann vann en tapaði svo þeirri þriðju og endaði í sjöunda sæti.

Seinni keppnisdaginn var keppt í liðakeppni en lágmarksfjöldi var fimm manns og vorum við því ekki með lið. Það voru sex lið skráð til keppni og gat hvert lið fengið einn lánsmann ef á þurfti að halda og var Bjarnsteinn beðinn um að keppa með einu þeirra sem hann og gerði en liðið náði því miður ekki að komast á verðlaunapall. Þetta var finn árangur hjá strákunum og óskum við þeim til hamingju með árangurinn. Því miður voru gæðin í **beinu útsendingunni** það slæm að ekki var hægt að nota hana en videoklippa af glímunum hans Jóhanns sem tekin var upp á staðnum er væntanleg.



2025-08-05 Tallin

Mobile
Results
Competitors
Next fights
Coach
Categories
Team Composition

2025-08-05 Tallin M-81

1. Miga KOROSAK, Wunke Sobota
5. Kuan Wei YU, New Taipei City
3. Gai GRIL, Raune na Koronban
7. Ruben LEWIS S, Pannevaya
2. Teodor CERJEKOVAC, Raune na Koronban
4. Raza HDVANK, Slovej Oradev
8. Johann AN JONSSON, Reykjavik

Results

Pos	Name
1	Ruben LEWIS S, Pannevaya
2	Johann AN JONSSON, Reykjavik
3	Teodor CERJEKOVAC, Raune na Koronban
3	Kuan-Wei YU, New Taipei City
5	Miga KOROSAK, Wunke Sobota
6	Raza HDVANK, Slovej Oradev
7	Gai GRIL, Raune na Koronban
7	



2025-08-05 Tallin

Mobile
Results
Competitors
Next fights
Coach
Categories
Team Composition

2025-08-05 Tallin M-73

1. Mantas BALTUTIS, Siauliai
5. Chai-Wai CHANG, New Taipei City (1. dan)
3. Bjarnsteinn Örn HILMARSSON, Reykjavik
11. Jaka DE COSTA, Vitejevo
7. Joosung TOOMEEL, Tallinn (2. kvi)
2. Athanasios NTONKOS, Kalamata
6. Kaja CHARENKA, Pannevaya
14. Shafiq SHAFIQ, Jerusalem
4. Dong Woo KIM, Seoul (1. dan)
8. Jui ROŽIČ, Raune na Koronban
16. August Martin NURM, Tartu

Results

Pos	Name
1	Kaja CHARENKA, Pannevaya
2	Joosung TOOMEEL, Tallinn
3	Dong Woo KIM, Seoul
3	August Martin NURM, Tartu
5	Mantas BALTUTIS, Siauliai
6	Chai-Wai CHANG, New Taipei City
7	Jaka DE COSTA, Vitejevo
7	Bjarnsteinn Örn HILMARSSON

13/08/2025

Ný námskeið- skráning á judo.is



Byrjenda og framhaldsnámskeið **5-6 ára** barna á laugardögum kl. 10

Byrjenda og framhaldsnámskeið **7-10 ára** barna á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17

Byrjenda og framhaldsnámskeið **11-14 ára** barna mánudaga, miðvikudaga, föstudaga kl. 17

Byrjendanámskeið **15 ára og eldri** mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 20

Gólfglíma, byrjendur/framhald **30 ára og eldri** þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga

Meistaraflokkur og framhald 15 og eldri alla daga vikunnar sjá stundatöflu.

Kvennatími byrjendur og framhald **15 ára og eldri** mánudaga og miðvikudaga kl. 17

Byrjendur fá fría prufutíma, komdu og prófaðu í viku, það er frítt. Ekki þarf að skrá sig í prufutíma, bara mæta á staðinn í réttan tíma og láta vita af sér, en það væri samt gott að fá tilkynningu um það á netfangið jr@judo.is. Nóg er að mæta með síðar íþróttabuxur og bol. Judobúningar fást hjá JR

Ef ákveðið er að halda áfram að loknum prufutíma þá er hér gengið frá skráningu og námskeiðsgjaldi. Ef frekari upplýsinga er óskað er hægt að hafa samband í síma 588-3200 eða senda tölvupóst á netfangið jr@judo.is



05/09/2025

Alli keppir á EM juniora 2025



Í vikunni fóru þeir **Aðalsteinn Björnsson** og Zaza Simonishvili til Bratislava í Slóvakíu til að taka þátt í **Evrópumeistaramóti juniora** en það er eitt sterkasta mót sem haldið er í heiminum ár hvert í þessum aldursflokki en judohefðin er mikil í Evrópu og fáir veikir hlekkir. Mótið stendur yfir frá 4-7 september og keppir Alli laugardaginn 6.sept. og hefst keppnin klukkan 8 að morgni á okkar tíma. Alli sem keppir í – **90 kg. flokki** á níundu viðureign á velli þrjú og ætti hún að hefjast um kl. 8:30. Alli mætir afar sterkum keppanda frá Moldóvíu, **Vadim Ghimbovski** en hann er í sjötta sæti heimslistans í þessum flokki. Þátttakendur eru 364 frá 43 þjóðum, 199 karlar og 165 konur. Hér er **drátturinn** og fylgjast má með keppninni í beinni útsendingu á **JudoTv**.

15/09/2025

Æfingahelgi JSÍ



Æfingabúðir JSÍ fóru fram dagana 12-14 september og voru haldnar hjá Judodeild Ármanns að þessu sinni. Þetta voru aðrar æfingabúðir JSÍ á árinu en þær fyrri voru haldnar hjá Judodeild ÍR dagana 2-4 maí s.l.

Zaza Simonishvili landsliðsþjálfari stjórnaði æfingunum sem voru blanda af randori og tækniæfingum en æfingabúðirnar voru hugsaðar sem undirbúningur fyrir komandi keppnistímabil og eins og í maí ætlaðar U18/U21 og seniora aldursflokkum. Þátttakendur voru tæplega fjórtíu frá þremur klúbbum Ármanni, JR og JS.



25/09/2025

Haustmót JSÍ 2025 hjá U13, U15 og U21



Haustmót JSÍ 2025 í U13, U15 og U21 verður haldið laugardaginn 4. október í íþróttahúsi Vallaskóla Selfossi. Mótið hefst kl. 10 mótislok áætluð kl. 15. Vigtun á mótisstað föstudaginn 3. okt. frá 18-18:30 eða á keppnisdegi fyrir alla flokka frá 9-9:30. Ef vigtað er á keppnisdegi mega keppendur vera mest 1. kg yfir þyngdarmörkum í öllum aldursflokkum. Skráningarfræstur hefur verið lengdur til miðnættis þriðjudaginn 30. september.

30/09/2025

Afmælistmót JR 2025 í yngri flokkum



Afmælistmót JR 2025 í yngri aldursflokkum verður haldið laugardaginn 11. október í JR. Mótið er opið öllum klúbbum, engin lágmarksgráða og keppt í eftirfarandi aldursflokkum. Aldursflokkar: U8, U9, U10 og U11 (7, 8, 9 og 10 ára) fæðingarár, 2018, 2017, 2016, 2015. Aldursflokkar: U13 (11-12 ára) f.ár 2014-2013 og U15 (13-14 ára) f.ár 2012-2011.

Húsið opnar kl. 12:00 á laugardaginn og verða keppendur vigtaðir frá kl. 12:00 til 12:30. Mæta tímanlega í vigtun því eftir að henni lýkur kl. 12:30 verða þeir afskráðir sem mæta ekki.

Keppnin hefst svo kl. 13:00 og ætti að ljúka um kl. 16:00.

Börn 7-10 ára frá 13:00-14:30 og börn 11-14 ára frá 14:30-16:00

Tímasetningar gætu breytst svo nánari tímasetning verður tilkynnt að lokinni skráningu.

Skráning til miðnættis 6. október í skráningarkerfi JSÍ.

Keppnisgjald 1.000 kr greiðist af félagi viðkomandi keppanda.

Athugið að það eru klúbbarnir sem sjá um skráningu keppenda, ekki foreldrar.

|

Afmælimót JR 2025 (14 ára og yngri)



Afmælimót JR verður haldið laugardaginn 11. október 2025

Aldursflokkar: U8, U9, U10 og U11 (7, 8, 9 og 10 ára)

Fæðingarár: 2018, 2017, 2016, 2015

Aldursflokkar: U13 (11-12 ára) og U15 (13-14 ára)

Fæðingarár: 2014, 2013 og 2012 og 2011.

Keppnin hefst kl. 13:00 og ætti að ljúka um kl. 16:00.

Nánari tímasetning að lokinni skráningu.

Húsið opnar kl. 12:00 á laugardaginn og verða krakkarnir bá vigtaðir frá kl. 12:00 til 12:30.

Muna að mæta tímanlega í vigtun.



Skráning til miðnættis 6. október í skráningarkerfi JSÍ.

Keppnisgjald 1.000 kr greiðist af félagi viðkomandi keppanda.



02/10/2025

Haustmót JSÍ 4. okt. – Breytt dagskrá



Dagskrá Haustmóts JSÍ sem haldið verður laugardaginn 4. október í íþróttahúsi Vallaskóla á Selfossi hefur verið breytt og hefst mótið kl. 12 og lýkur um kl. 15. Dagskráin er eins og hér segir. U13 og U15 keppni hefst kl. 12 og lýkur um kl. 13:30 og keppni U21 árs hefst svo kl. 14 og lýkur um kl. 15. Vigtun frá 11 til 11:30 og geta allir aldursflokkar vigtað þá en þeir sem keppa í U21 geta líka vigtað frá kl. 13-13:30.

06/10/2025

Úrslit Haustmóts JSÍ 2025-fyrri hluti



Fyrri hluti Haustmóts JSÍ 2025 var haldið á Selfossi í umsjón Judodeildar UMFS sem fórst verkið vel úr hendi. Mótið sem hófst kl. 13:00 var afar skemmtilegt og gekk vel fyrir sig. Dómgæsla og mótsstjórn var hin besta og fullt af frábærum og skemmtilegum viðureignum og lauk mótinu um kl. 15:30. Keppendur voru fimmtíu og sjö frá tíu klúbbum og var keppt í aldursflokkum U13, U15 og U21 árs. Keppendur JR voru sautján og stóðu þeir sig býsna vel en þeir unnu alls til sautján verðlauna, níu gullverðlaun, sjö silfurverðlaun og ein bronsverðlaun. Óskum við keppendum öllum til hamingju með árangurinn.







13/10/2025

Úrslit Afmælistóts JR yngri 2025



Judofélag Reykjavíkur (JR) sem verður 60 ára á árinu en það var stofnað var 16. okt. 1965 hélt sitt árlega Afmælistót 11. okt. síðastliðinn í yngri aldursflokkum. Mótið hófst kl. 13 og áætlað var að því myndi ljúka kl. 16 en vegna aukinnar þátttöku lauk því ekki fyrir en kl. 17. Á þessu móti er keppt í aldursflokkum frá 7 til 14 ára og engin gráðuskilyrði og einnig var “keppt” í aldursflokki 5-6 ára á æfingu barna hjá JR fyrir um morguninn. Eins og áður sagði var þátttaka mikil eða rétt tæplega eitt hundrað þátttakendur með börnunum í 5-6 ára aldursflokki og hafði hún því aukist um 50% frá 2024 en þá voru þeir sextíu og fimm. Keppendur komu frá átta eftirfarandi klúbbum, Judodeild Ármanns, Judodeild Grindavíkur, Judodeild Selfoss, Judodeild Suðurnesjabæjar, Judodeild Tindastóls Judofélagi Garðabæjar, Judofélagi Reykjanesbæjar auk JR en þátttökufjölda má sjá **hér**. Keppnin var bæði skemmtileg og oft á tíðum spennandi og fullt af flottum viðureignum og gaman að fylgjast með tilþrifum hjá þessum ungu keppendum. Starfsmenn mótsins voru þeir Ari Sigfússon, Jóhann Másson, Daníel Hákonarson og Bjarni Friðriksson sem sáu um vigtun og mótsstjórn, dómara voru þau Weronika Komendera, Jónas Guðmundsson, Viktor Kristmundsson, Kolmar Jónsson og Björn Sigurðarson IJF dómari sem var þeim til halds og trausts og kunnum við honum okkar bestu þakkir. Þeir Zaza Simonishvili, Guðmundur Jónasson, Höskuldur Einarsson, Daníela Daníelsdóttir og Sólrún Steinarsdóttir héldu utan um keppendur JR-inga. Þar sem við vorum komin í tímabörng voru verðlaun í aldursflokkum 7-10 ára ekki afhent fyrir hvern þyngdarflokk fyrir sig heldur voru þau afhent til alls keppendahópsins í einu lagi.





Afmælistmót JR 2025



Börn 7-8 ára



Afmælistmót JR 2025



Börn 9-10 ára





Afmælistími JR 2025




Aldursflokkur 11-14 ára





17/10/2025

Keppa í Riga á European Cup



Helgina 18 og 19 okt. hefst í Lettlandi **Riga Millennium Team Cadet European Cup** og á meðal keppenda eru sex keppendur frá Íslandi ásamt Zaza Simonishvili þjálfara en það eru þau **Eyja Viborg -52, Weronika Komendera -57, Helena Bjarnadóttir -70, Orri Helgason -66, Jónas Björnsson -73** og **Viktor Kristmundsson +90**. Á morgun keppa þau Eyja og Orri og á sunnudaginn keppa hin. Keppnin hefst klukkan 6 að morgni á okkar tíma. Orri á fjórðu glímu á velli 1 og Eyja 23 glímu á velli 3. Þátttakendur eru 419 frá 24 þjóðum, 303 karlar og 116 konur. Hér er **drátturinn** og fylgjast má með keppninni í beinni útsendingu á **JudoTv**.

24/10/2025

JR 60 ára 16. okt. 2025



Gísli Egilson formaður Judosambands Íslands leit við á æfingu félagsins og afhenti JR áletraðan disk í tilefni 60 ára afmælis Judofélags Reykjavíkur en félagið var stofnað 16. okt. 1965.

27/10/2025

Haustmót JSÍ 2025 -seinni hluti



Haustmót JSÍ 2025 seinni hluti (fyrri hluti var haldinn 4. okt. á Selfossi) verður haldið laugardaginn 1. nóvember í Íþróttahúsi Akurskóla að Tjarnarbraut 5 í Reykjanesbæ. Keppt verður í aldursflokkum U18 og senioraflokkum. Mótið hefst kl. 11 með keppni í U18 og strax að þeirri keppni lokinni hefst keppni í senioraflokkum og áætlað að mótinu ljúki um kl. 14:00. Vigtun fer fram í Akurskóla föstudaginn 31. okt. frá 18-18:30 og á sama stað fyrir þá sem það vilja á keppnisdegi frá kl. 9:30-10:00.

03/11/2025

Haustmót JSÍ 2025 shl. -úrslit



Haustrmót JSÍ 2025 seinni hluti var haldið laugardaginn 1. nóvember í Íþróttahúsi Akurskóla í Reykjanesbæ og nú var keppt í aldursflokkum U18 og senioraflokkum. Mótið sem hófst kl. 11:00 gekk vel fyrir sig, dómgæsla og mótsstjórn hin besta og lauk því um kl. 15. Keppendur voru fjórtíu og þrjár frá fimm klúbbum, Grindavík, JG, JRB, JS og JR. Keppendur JR-inga voru tuttugu og sex og stóðu þeir sig afar vel en þeir unnu öll tólf gullverðlaunin auk fimm silfurverðlauna og fimm bronsverðlauna. Óskum við keppendum öllum til hamingju með árangurinn. Hér eru **úrslitin** og myndir af verðlaunahöfum.



07/11/2025

Conegliano European Open



Conegliano European Open verður haldið á Ítalíu helgina 8 til 9 nóvember og verða þeir **Aðalsteinn Björnsson** og **Skarphéðinn Hjaltason** á meðal þátttakenda og með þeim í för er Zaza Simonishvili landsliðsþjálfari. Báðir keppa strákarnir í – **90 kg flokki** á sunnudaginn og hefst keppnin kl. 8 að morgni á okkar tíma. Skarphéðinn á sjöundu glímu á tatami 2 og Alli á fimmtánda á sama velli. Þátttakendur eru 310 frá 37 þjóðum, 205 karlar og 105 konur. Hér er **drátturinn** og fylgjast má með keppninni í beinni útsendingu á **JudoTv**.

20/11/2025

Sveitakeppni JSÍ 2025 – úrslit



Sveitakeppni JSÍ 2025, Íslandsmeistaramót í liðakeppni klúbba sem átti að fara fram 15. nóvember var færð til þriðjudagsins 18. nóv. og var keppnin haldin hjá Judofélagi Reykjavíkur.

JR sendi tíu sveitir til leiks, eina kvennasveit og þrjár karlasveitir í senioraflokki, tvær karlasveitir í U21 árs flokki og tvær drengjasveitir og tvær stúlknasveitir í U15 ára aldersflokki. Því miður var engin þátttaka frá öðrum klúbbum í þessari sögulegu keppni sem spannar yfir fimmtíu ár og er það í fjórða skiptið sem það gerist (2021, 2022, 2024, 2025).

Sveitakeppni karla var fyrst haldin 1974 og var þetta í 49 skipti sem keppnin fór fram en mótið féll niður 1993, 2002 og 2020. Fyrst var keppt í Sveitakeppni kvenna 1999. **Hér má sjá hvaða lið hafa sigrað í þessari keppni.**

Þar sem önnur judofélög voru ekki með keppendur þá kepptu sveitir JR innbyrðis nema kvennasveitin en þar var JR bara með eina sveit svo þar var engin keppni. Til að gera keppnina sem skemmtilegasta og kanski mest spennandi og jafna þá var ekki raðað eftir styrkleika keppenda í A og B sveitir heldur var dregið um það í hvaða sveitir keppendur röðuðust.

Keppnin var stórskemmtileg og viðureignir margar hverjar jafnar og spennandi og engin leið að átta sig á því fyrirfram hvaða sveit myndi bera sigur úr býtum. Dómarar voru þeir Gísli Egilson og Ægir Valsson og mótsstjórar þeir Ari Sigfússon, Jóhann Másson og Þorgrímur Hallsteinsson sem allir leystu sitt verkefni vel af hendi sem og þjálfarar og aðstoðarmenn þeirra og þökkum við fyrir þeirra framlag.

Þetta var í tuttugusta og fjórða skipti sem JR sigrar í sveitakeppni karla og tólfta árið í röð. Hér eru úrslitin, **U15 stúlkur**, **U15 drengir**, **U21 karlar** og **senioraflokkur karla**. Hér neðar eru myndir frá mótinu og hér er stutt **videoklippa**.



Stúlkur U15
JR A og B



JR- A silfur



JR- B gull



Drengir U15
JR A og B



JR- A silfur



JR- B gull



U21
JR A og B



JR-A gull



JR-B silfur



Karlasveitir JR-A, JR-B og JR-C



JR-B silfur



JR-C brons



JR-A gull





24/11/2025

Reykjavíkurmestaramótið 2025



Reykjavíkurmestaramótið 2025 verður haldið í ÍR heimilinu Skógarseli 12 laugardaginn 29. nóvember en það er í umsýslu ÍR í ár.

05/12/2025

Baltic Sea Championship 2025



Það verða þrjú keppendur frá JR sem taka þátt í **Baltic Sea Championship 2025** en það er alþjóðlegt mót haldið í Orimattilla í Finnlandi dagana 6-7 des. Baltic Sea Championship er afar sterkt mót en skráðir keppendur eru 664 frá tíu þjóðum. Fyrir utan keppendur frá norðurlöndunum eru keppendur frá Eistlandi, Lettlandi, Þýskalandi, Ísrael og Úkraínu. Keppt er í aldursflokkum, U15, U17, U20 og senioraflokkum.

Keppendur okkar að þessu sinni í senioraflokki karla eru þeir Elías Þormóðsson sem keppir í -73 kg flokki, Vasileios Tsagkatakis -81 kg flokki og Mikael Ísaksson -90 kg flokki en auk þess keppa þeir Elías og Mikael einnig í aldursflokkum U20. Keppt verður í U20 á laugardaginn og í senioraflokkum á sunnudaginn og báða dagana hefst keppni hjá þeim um kl. 11 á okkar tíma. Hægt verður að fylgjast með keppninni í beinni útsendingu en hér er keppendalistinn og nánari upplýsingar um mótið. Þjálfari og fararstjóri er Þormóður Jónsson

07/12/2025

Lokahóf JSÍ 2025



Lokahóf Judosambands Íslands fór fram laugardaginn 6. desember og var þar eins og venja er tilkynnt um val á judomönnum ársins, þau efnilegustu, dómari ársins og veittar viðurkenningar fyrir dan gráðanir.

Judomenn ársins 2025 eru þau Aðalsteinn Björnsson og Helena Bjarnadóttir bæði úr JR. Aðalsteinn var að hljóta þessa nafnbót í fyrsta skipti en Helena í það þriðja. Bæði stóðu þau sig vel á árinu og er hér stikkláð á því helsta.

Aðalsteinn sigraði á Smáþjóðaleikunum í -90 kg flokki, brons á Matsumae Cup U21 -90 kg, varð Íslandsmeistari í opnum flokki karla, silfur á Reykjavík Judo Open í -90 kg flokki og á Íslandsmeistaramótinu í sama flokki. Gull á vormóti JSÍ í -90 kg flokki karla og gullverðlaun í U21 árs aldursflokki bæði á Íslandsmeistaramóti og Afmælistóti JSÍ.

Helena sem býr í Serbíu og keppti því ekkert hér heima en náði góðum árangri erlendis. Á Smáþjóðaleikunum var hún með brons og einnig brons á Norðurlandameistaramótinu í U18. Hún stóð sig frábærlega á European Cup Cadet í Riga er hún vann til silfurverðlauna og keppti um bronsverðlaunin í Grikklandi á European Cup Cadet í Þessalóníu.

Efnilegustu judomenn ársins 2025. Þau efnilegustu eru valin úr aldursflokkum U18/U21 árs og er stuðst við punktastöðu þeirra. Efnilegastur í karlaflokki er Viktor Kristmundsson úr JR en í kvennaflokki eru tvær stúlkur sem hljóta þessa nafnbót að þessu sinni þar sem þær voru það jafnar og erfitt að gera upp á milli þeirra og því var ákveðið að þær myndu báðar verða fyrir valinu. Efnilegastar í kvennaflokki eru þær Agla Ólafsdóttir úr JS og Emma Thueringer úr JR.

Veittar voru viðurkenningar fyrir dan gráðanir sem að þessu sinni voru eingöngu 1. dan gráðanir. Þeir Einar Jón Sveinsson, Gunnar Ingi Tryggvason, Jónas Björn Guðmundsson, Orri Snær Helgason tóku 1. dan á þessu ári en þeir Böðvar Arnarsson og Daníel Árnason tóku gráðuna í lok árs 2023 og hefðu átt að fá sína viðurkenningu í fyrra en því miður fórst það fyrir og er hér bætt úr því.

Dómari ársins er Björn Sigurðarson úr Ármanni.

07/12/2025

Mikael með silfur á Baltic Sea Championship



Baltic Sea Championship 2025 fór fram dagana 6-7 desember í Orimatilla í Finnlandi. Mótið er eitt af þeim sterkari sem haldið er á Norðurlöndunum og voru keppendur tæplega sjö hundruð frá ellefu þjóðum. Frá Íslandi voru þátttakendur þrír og kepptu í U20 og senioraflokkum. Mikael Ísaksson komst lengst okkar keppenda að þessu sinni en hann keppti til úrslita í U20 í -90 kg flokki eftir að hafa lagt þrjá andstæðinga af velli. Fyrst mætti hann G. Karaklidis frá Grikklandi/SWE og skoraði yuko eftir umþað bil tvær mínútur og fylgdi vel eftir og náði honum í fastatak og vann á ippon. Næst mætti hann M. Polishchuk, keppanda frá Finnlandi sem hann sigraði á yuko eftir fullan glímútíma og í þriðju umferð mætti hann T. D'Hooge frá Svíþjóð og var það hörku viðureign sem fór í gullskor að loknum venjulegum glímútíma sem er fjórar mínútur og sigraði Mikael hann á yuko eftir eina og hálfu mínútu. Hér var hann kominn í úrslit og mætti öðrum svía Viktor Baathe en varð þar því miður að lúta í lægra en Viktor sótti eldsnögg í Kata Guruma og skoraði yuko og náði að fylgja vel eftir og komst í fastatak sem Mikael náði ekki að losa sig úr en silfrið var Mikael og er hann vel að því kominn. Því miður meiddi hann sig lítillega og stífnaði upp í herðum og háls og ákvað að sleppa keppni daginn eftir í senioraflokki. Þeir Elías Þormóðsson (U20 og senioraflokkur -73 kg) og Vasileios Tsagakatakis (senioraflokkur -81 kg) áttu ekki eins góðan dag og Mikael en þeir töpuðu báðir sínum viðureignum í fyrstu umferð og féllu úr keppni. Hér eru linkar á **YouTube video** frá mótinu, öll **úrslit** og **pdf úrslit** okkar keppenda og að lokum stutt video af **glímunum** hans Mikael í U20 -90 kg flokki.

09/12/2025

Síðustu æfingar fyrir áramót



Síðasta æfing fyrir áramót hjá börnum hjá **7-11 ára** verður fimmtudaginn 11. desember, hjá **5-6 ára** laugardaginn 13. desember og hjá **11-14 ára** mánudaginn 15. desember og verða æfingarnar að mestu í leikjaformi. Að lokinni æfingu fá börnin afhent viðurkenningskjöl fyrir haustönnina og síðan verður farið í setustofuna þar sem í boðið verða drykkir, kökur, ávextir og kaffi fyrir þá fullorðnu.

Síðasta æfing fyrir áramót hjá **öllum 15 ára og eldri** verður föstudaginn 19. desember, síðasta æfing **Kvennatími 15+** verður miðvikudaginn 17. desember og hjá **Gólfglímu 30+** laugardaginn 20. desember. Hugsanlega verða haldnar aukaæfingar fyrir meistaraflokk á milli Jóla og nýárs og verður það þá tilkynnt á síðustu æfingu fyrir jól.

Æfingar hefjast svo aftur á nýju ári sem hér segir. Byrjenda og framhaldsnámskeið 11-14 ára og 15 ára og eldri og kvennatími 15+ hefjast mánudaginn 5. janúar. Gólfglíma, byrjendur/framhald 30 ára og eldri og æfingar barna 7-10 ára hefjast þriðjudaginn 6. janúar og æfingar barna 5-6 ára hefjast laugardaginn 10. janúar.

09/12/2025

Jólamót JR 2025



Jólamót/Afmælistmót JR 2025 verður haldið föstudaginn 12. desember og hefst keppnin hjá 11-14 ára kl. 17:15 og um kl. 18:15 hjá 15 ára og eldri og verður þá keppt í senioraflokkum en ekki öllum þyngdarflokkum. Einnig verður nú í þriðja sinn keppt í gólfglímu 30 ára og eldri. Þetta er innanfélagsmót sem fyrst var haldið 2006 og er það nú haldið í nítjándasta skipti en það féll niður 2020 vegna covid. **Ekki þarf að skrá sig fyrirfram því allir sem mæta á æfingu geta keppt** og verður keppendum raðað í flokka að lokinni vigtun. Í kvennaflokkum hefur verið keppt í -57 kg og +57 kg en í karlaflokkum -66, -73, -81, -90 og +90 kg en hugsanlega verða flokkar sameinaðir en það fer eftir þátttöku. Keppt er um farandbikara sem orðnir eru sögulegir en þeir eru áletraðir nöfnum fyrrum sigurvegara. Hér eru úrslitin 2024, 2023, 2022, 2021 og 2019. **Á mótinu verður einnig tilkynnt um val á Judomanni JR 2025, judomanni U21, þeim efnilegasta og sjálfboðaliða ársins.**

16/12/2025

Michal Vachun 9. dan



Michal Vachun fyrrum þjálfari og landsliðsþjálfari á Íslandi var 14. des. s.l. á ársþingi Evrópu Judosambandsins (EJU) gráðaður í 9. dan. Vachun, eins og við gjarnan köllum hann, kom fyrst til landsins haustið 1972 á vegum Judofélags Reykjavíkur með tékkneskum judoklúbbi sem keppti á **afmælistmóti JR**, opnu judomóti sem fram fór í Laugardalshöllinni. Einnig var haldin sveitakeppni þar sem Tékkarnir öttu kappi gegn sveit JR. Ári seinna var þess farið á leit við Vachun að hann tæki að sér **þjálfun hjá JR** sem hann og gerði. Hann var hjá JR í nokkur ár eða þar til hann tók við starfi landsliðsþjálfara Tékka sem hann stýrði til hausts 1988 en þá kom hann aftur til Íslands og þjálfaði hjá JR ásamt því að gegna starfi landsliðsþjálfara Íslands. Þjó hann á Íslandi ásamt fjölskyldu sinni allt til haustsins 1996 er hann snéri aftur heim.

Hér er **umfjöllun og viðtal** við Vachun í tilefni 9. dan gráðunarinnar. Við óskum Michal Vachun hjartanlega til hamningju með gráðuna.

Á vefsíðu Júdosambands Evrópu (EJU) er **viðtal við Michal Vachun frá 12. júlí 2020** þar sem farið er í gegnum judo sögu hans.

16/12/2025

Síðasta æfing fyrir jól hjá 5-14 ára



Þá er komið jólafrí hjá 5-14 ára iðkendum en síðustu æfingar fyrir jól voru haldnar í lok síðustu viku og eru þær að venju aðallega í formi leikja. Í fyrra vorum við með sameiginlega jólaæfingu þessara aldursflokka en í ár var það ekki hægt þar sem iðkendum hefur fjölgað mikið og ekki pláss í salnum fyrir alla í einu. Viðurkenningarskjöl fyrir önnina voru afhent í lok æfingar og svo farið í setustofuna þar sem í boði voru drykkir, kökur, ávextir og kaffi fyrir þá fullorðnu. Þau börn sem komust ekki en það voru nokkur fá sínar viðurkenningar afhentar næst þegar þau mæta. Æfingar hefjast aftur 5. janúar á nýju ári.







16/12/2025

Jólamót JR 2025 – úrslit



Jólamót JR 2025 fór fram föstudaginn 12. des. sl. Mótið sem er innanfélagsmót var fyrst haldið 2006. Keppt er í senioraflokki og núna í þriðja sinn Gólfglímu 30+ og í ár var einnig keppt í blönduðum aldursflokkum U13/U15 þ.e. 11-14 ára. Í senioraflokkum voru fjórir þyngdarflokkar en í Gólfglímu 30+ er bara keppt í opnum flokki og í U13/U15 var keppt í fimm þyngdarflokkum. Hér er stutt **videoklippa** og úrslitin **2025** og eldri úrslit, **2024**, **2023**, **2022**, **2021** og **2019** og hér neðar eru myndir frá mótinu.





16/12/2025

Judomenn JR 2025



Það var ekki fyrr en 2019 sem JR tók upp á því að heiðra judomenn félgsins fyrir árangur þeirra. Judomaður JR er sá eða sú sem bestum árangri náði á árinu í **senioraflokki**, þá er einnig valinn judomaður ársins sem bestum árangri náði í **U21 árs aldursflokki** og sá efnilegasti sem bestum árangri náði í **U18 og U21** árs aldursflokkum en hann getur aðeins verið kjörinn einu sinni. Við valið er ekki einungis tekið mið af árangri heldur einnig ástundun, framkomu og virðingu fyrir íþróttinni. Aðeins er valinn einn judomaður ársins hverju sinni, kona eða karl og það sama á við í U21 og þann efnilegasta. Sjálfboðaliði ársins var fyrst valinn 2022 og er hann heiðraður samhliða judomönnum ársins.

Aðalsteinn Björnsson er **Judomaður JR 2025**. Aðalsteinn sigraði á Smáþjóðaleikunum í Andorra í -90 kg flokki en átta ár eru síðan Íslendingar unnu síðast gull á þeim leikum en það var í San Maríno 2017. Aðalsteinn vann brons á Matsumae Cup U21 -90 kg, varð Íslandsmeistari í opnum flokki karla, silfur á Reykjavík Judo Open í -90 kg flokki og á Íslandsmeistaramótinu í sama flokki. Gull á vormóti JSÍ í -90 kg flokki karla og gullverðlaun í U21 árs aldursflokki bæði á Íslandsmeistaramóti og Afmælistóti JSÍ.

Mikael Ísaksson var kjörinn **Judomaður JR 2025** í **U21 árs aldursflokki**. Hann keppti fyrri hluta ársins í -81 kg flokki en seinni hlutan í -90 kg. Hann vann öll mót innanlands sem hann tók þátt í á árinu í U21 árs flokki. Í -81 kg þyngdarflokki varð hann Íslandsmeistari, vann gull á Afmælistóti JSÍ og Vormóti JSÍ og gull í -90 kg flokki á Haustmóti JSÍ. Hann stóð sig einnig frábærlega í senioraflokkum en hann varð Íslandsmeistari í -81 kg flokki og gull á Vormóti JSÍ í sama þyngdarflokki, gull á Haustmóti JSÍ í -90 kg flokki og núna í desember kórónaði hann árið er hann varð í öðru sæti á Baltic Sea Championship í U21 árs aldursflokki í -90 kg flokki eftir að hafa lagt þrjá andstæðinga af velli.

Helena Bjarnadóttir var kjörinn efnilegasti Judomaður JR 2025. Helena sem býr í Serbíu og keppti því ekkert hér heima en náði mjög góðum árangri erlendis. Á Smáþjóðaleikum var hún með brons í senioraflokki og einnig brons á Norðurlandameistaramótinu í U18. Hún stóð sig frábærlega á European Cup Cadet í Riga er hún vann til silfurverðlauna og keppti um bronsverðlaunin í Grikklandi á European Cup Cadet í Þessalóníu.

Hilmar Arnarson var valinn sjálfbóðaliði ársins 2025. Eins og oft vill verða voru margir tilnefndir en aðeins einn skyldi útnefndur og valið því erfitt því margir voru vel að heiðrinum komnir. Hilmar hefur komið að starfseminni JR með ýmsum hætti. Hann hefur verið mjög virkur í æfingum hjá Gólfglíma 30+ og sigraði einmitt í fyrra í opnum flokki á jólamóti JR í þeirri keppni. Hann á einnig börn sem hafa æft hjá félaginu sem náð hafa mjög góðum árangri í keppni fyrir JR. Hilmar hefur verið rútbílstjóri í fjölmörgum æfinga og keppnisferðum bæð innanlands og erlendis og hafa keppendur notið sérþekkingar hans þegar meiðsl hafa komið uppá og þurft að hlúa að þeim og teipa, teygja og liðka skrokkinn.

Hér neðar eru myndir frá athöfninni en það var Jón H. Guðjónsson formaður JR sem afhenti viðurkenningarnar. Því miður var Helena ekki stödd á landinu og fær hún sína viðurkenningu afhenta síðar og myndir af henni verða settar hér inn.



Aðalsteinn Björnsson og Jón H. Guðjónsson



Mikael Ísaksson og Jón H. Guðjónsson



Jón H. Guðjónsson og Hilmar Arnarson



Mikael Ísaksson og Aðalsteinn Björnsson

27/12/2025

Ný námskeið- skráning á judo.is



Æfingar hefjast á ný 5. janúar 2026 samkvæmt stundaskrá.

Byrjenda og framhaldsnámskeið 5-6 ára barna á laugardögum kl. 10

Byrjenda og framhaldsnámskeið 7-10 ára barna á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17

Byrjenda og framhaldsnámskeið 11-14 ára barna mánudaga, miðvikudaga, föstudaga kl. 17

Byrjendanámskeið 15 ára og eldri mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 20

Gólfglíma, byrj./framh. 30 ára og eldri þriðjudaga, fimmtudaga kl. 17 og laugardaga kl. 11

Meistaraflokkur og framhald 15 ára og eldri alla daga vikunnar kl. 18

Kvennatími byrjendur og framhald 15 ára og eldri mánudaga og miðvikudaga kl. 17.

30/12/2025

Gleðilegt nýtt ár 2026



Judofélag Reykjavíkur óskar öllum gleðilegs nýs árs með þökk fyrir gömlu árin. Megi það nýja verða ykkur gæfuríkt. Starfssemin hefist aftur 5. janúar á nýju ári samkvæmt stundaskrá.

Judofélag Reykjavíkur

Ársreikningur

2025

Judofélag Reykjavíkur
Ármúla 17a
108 Reykjavík
kt. 670169-4729

Efnisyfirlit

Staðfesting stjórnar	2
Áritun skoðunarmanns	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Skýringar með ársreikningi	5

Staðfesting stjórnar

Stjórn JR staðfestir hér með ársreikning þennan fyrir árið 2025 með áritun sinni.

Reykjavík 27.4. 2026

Í stjórn

Nöfn stjórnarmanna

Kennitala

Alfreð Atlason

010962-4479


Daníela Rut Daniélsdóttir

150694-2139

Eyjólfur Orri Sverrisson

070765-3659


Jón Hlíðar Guðjónsson

090353-2419


Magnús Jóhannsson

021071-5879

Nöfn varamanna í stjórn

Kennitala

Ari Sigfússon

150275-5399

Jóhann Másson

170764-7819

Áritun skoðunarmanns

Ég undirritaður kjörin skoðunarmaður JSÍ hef yfirlit bókhaldað og ársreikninginn fyrir árið 2025 og staðfesti hér með reikninginn


Runólfur Gunnlaugsson

291253-5639

Rekstrarreikningur ársins 2025

Tekjur	Skýr.	2025	2024
Framlög og styrkir ÍBR		20.185.350	19.155.383
Mótatekjur		44.500	120.500
Félags og æfingagjöld		8.429.388	6.911.464
Judobúnaður		1.997.380	1.845.332
Ýmsir styrktaraðilar		2.117.000	725.000
Húsa og vallaleigutekjur		2.111.498	2.640.250
Aðrar tekjur		4.250.000	773.753
Tekjur samtals		<u>39.135.116</u>	<u>32.171.682</u>

Gjöld

Laun og launatengd gjöld		18.456.970	12.954.318
Þjálfari, hlutdeild í launakostnaði		0	800.000
Ferða og keppnisstyrkir innalands og erlendis	(1)	4.135.598	2.331.230
Keppnisgjöld innanlands		601.000	169.500
Gráðugjöld		70.000	54.000
Rekstur mannvirkja/húsaleiga og fl	(2)	13.763.936	13.649.092
Rekstur skrifstofu		1.105.579	1.022.895
Kostnaður vegna vörusölu		1.670.022	926.411
Annar rekstrarkostnaður	(3)	294.582	294.871
Afskriftir fastafjármuna 15%		102.737	120.867
Gjöld samtals		<u>40.200.424</u>	<u>32.323.184</u>

Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		<u>(1.065.308)</u>	<u>(151.502)</u>
--	--	--------------------	------------------

Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og verðbætur		640.072	390.879
Vaxtagjöld og verðbætur		<u>(128.993)</u>	<u>(64.972)</u>
Fjárm.liðir samtals		<u>511.079</u>	<u>325.907</u>

Niðurstaða rekstrar hagn.(tap)		<u>(554.229)</u>	<u>174.405</u>
---------------------------------------	--	------------------	----------------

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	2025	2024
Fastafjármunir			
Salur og innréttingar		582.179	684.916
Tæki og áhöld			0
Aðrar eignir			0
Viðbætur ársins			0
Fastafjármunir samtals		<u>582.179</u>	<u>684.916</u>
Veltufjármunir			
Handbært fé	(4)	7.449.813	7.642.172
Skammtíma kröfur	(5)	651.404	705.271
Vörubirgðir 31.12		1.308.629	1.203.511
Veltufjármunir samtals		<u>9.409.846</u>	<u>9.550.954</u>
Eignir alls		<u>9.992.025</u>	<u>10.235.870</u>
 Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Eigið fé í ársbyrjun		10.235.870	10.061.465
Tekjur umfram gjöld/(tap)		(554.229)	174.405
Eigið fé samtals		<u>9.681.641</u>	<u>10.235.870</u>
 Skammtímaskuldir			
Ógreiddir reikningar	(6)	239.335	0
Aðrar skammtímaskuldir	(6)	71.049	0
Skammtímaskuldir samtals		<u>310.384</u>	<u>0</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>9.992.025</u>	<u>10.235.870</u>

Skýringar með ársreikningi

	2025	2024
1) Ferða- og keppnisstyrkir:		
Innanlands.....	452.678	98.137
Erlendis.....	3.682.920	2.233.093
	4.135.598	2.331.230
2) Rekstur mannvirkja/húsaleiga og fl		
Húsaleiga	12.834.296	12.614.916
Tryggingar	146.780	137.023
Rafmagn.....	469.331	411.934
Viðhald og endurb. húsnæðis & annar kostnaður..	45.415	220.658
Hreinlætisvörur og þrif.....	268.114	264.561
	13.763.936	13.649.092
3) Annar rekstrarkostnaður		
Áhöld og tæki	0	3.790
Kostnaður vegna mótahalds	210.160	213.742
Kynning, fræðsla og útbreyðsla	25.895	16.000
Þjónustugjöld banka/vísa	58.527	61.339
	294.582	294.871
4) Handbært fé		
Tékkareikningur 5300	46.926	2.027.659
Sparireikningur 670169	7.384.534	0
Gjaldeyrisreikningur	18.353	5.614.513
	7.449.813	7.642.172
5) Skammtímakröfur		
Æfingagjöld/Félagsgjöld	0	13.287
Vísa viðskiptareikningur.....	651.404	691.984
Aðrar skammtímakröfur	0	0
	651.404	705.271
6) Skammtímaskuldir:		
Ógreiddur kostnaður v/Essimo	239.335	0
ÍBR viðskiptareikningur	71.049	0
	310.384	0